



Heilsu- & lífsstílsdagur

30. janúar – 9. febrúar

Allt að 25% afsláttur af um 3.000 heilsu- og lífsstílsvörum og apptilboð á hverjum degi.

nettó
Ódýrt fyrir heilsuna



VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 29. JANÚAR 2025 // 4. TBL. // 46. ARG.

DREIFT Á SUÐURNESJUM OG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ÓKEYPIS EINTAK



Það snjóaði hraustlega á Suðurnesjum á mánudagskvöldið og húsaötur urðu sumar hverjar þungfærar vegna fannfergis. Þessa mynd tók Páll Ketilsson á Þjóðbraut þegar ofankoman var hvað mest. Kappklæddir gangandi vegfarendur með hund í bandi og flóðljósín lýsa upp gervi-grasið við Nettóhöllina.

Neyðarkyndistöðvar settar upp í Rockville og við Fitjar

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar hefur heimilað uppsetningu neyðarkyndistöðvar á Fitjum í Reykjanesbæ með fyrirvara um samþykki landeigenda að stofnuð sé lóð undir umrædda starfsemi. Starfsemin verði tímabundin til þriggja ára frá útgáfu byggingarleyfis. Að þeim tíma liðnum verði ákvörðun endurskoðuð með tilliti til aðstæðna. Þá tekur ráðið undir nauðsyn neyðarkyndistöðvar út frá almannahagsmunum.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, almannavarnir, HS



Orka og HS Veitur lögðu fram erindi þann 16. janúar 2025 til bæjaryfirvalda í Reykjanesbæ varðandi neyðarkyndistöð. Þar sem ástand á afhendingu á heitu vatni á Reykjanesinu er í óvissu á meðan eldsumbrot halda áfram nærri Svartsengi

og innviðum þar á svæðinu hafa almannavarnir og umhverfisráðuneyti lagt á það kapp að tryggja afhendingu á heitu vatni ef rof verður á afhendingu frá Svartsengi. Liður í því er að setja upp neyðarkyndistöðvar við Rockville og einnig er

horft til þess að setja upp sambærilegan búnað nálægt Fitjum. Búið er að leigja búnað fyrir Rockville og einnig eitt sett af búnaði til að staðsetja við Fitjar.

Eitt sett af búnaði samanstendur af u.þ.b. þremur til fjórum 40 feta gámum og u.þ.b. einum til tveimur 20 feta gámum. Í hvert sett þarf svo að tengja kalt vatn, rafmagn, tengja í fráveitu og tengja við hitaveitulögn. Allur þessi búnaður sem um ræðir er færanlegur og ekki gert ráð fyrir að standi þarna varanlega að öllu leyti.



- ✓ Reynsla og traust
- ✓ Atvinnuljósmyndun og drónamyndataka
- ✓ Persónuleg og sérsniðin þjónusta
- ✓ Við erum hér til að gera ferlið einfalt og ánægjulegt – frá fyrsta skrefi til loka

Hafðu samband í dag og láttu okkur sjá um fasteignina þína!



FASTEIGNASALA

allt@allt.is | 560-5500

16 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM



Uppbyggingarsjóður veitti 42 styrki fyrir 50 milljónir króna

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja hefur veitt styrki fyrir 50 milljónir króna til menningar og nýsköpunarverkefna á Suðurnesjum árið 2025.

Alls bárust sjóðnum 67 umsóknir og hljóðuðu styrkbeiðnir upp á rúmlega 170 milljónir króna. Auglýst var eftir styrkumsóknum 15. nóvember og var opið fyrir umsóknir til 5. desember. Á síðasta ári féllu

mörg verkefni niður vegna ástandsins í Grindavík og voru umsækjendur hvattir til að sækja um aftur að ári og var það ánægjulegt hversu mörg verkefni voru úr Grindavík í ár. Þá fjölgaði verkefnum um sjö frá fyrra ári sem er ánægjulegt.

Úthlutunarhátíðin var haldin hátíðlega í Stapanum í Hljómahöllinni föstudaginn 17. janúar sl. þar sem tónlistarmaðurinn Már

Gunnarsson steig á svið og söng tvö lög en hann fékk styrk úr sjóðnum í ár fyrir verkefnið sitt Már & the Royal Northern College of Music Session Orchestra. Tilefnið er útgáfa nýrrar plötu Más, sem ber titilinn „Orchestral Me“. Á tónleikunum verður platan flutt í heild sinni auk valinna laga í ævintýrlegum sinfónískum útsetningum.

Tilgangur Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja er að styrkja menningar-, atvinnu- og nýsköpunarverkefni á Suðurnesjum. Uppbyggingarsjóður Suðurnesja er samkeppnissjóður og þarf úthlutunarnefnd að velja úr gríðarlegum fjölda flottra verkefna á hverju ári. Auglýst er opinberlega eftir umsóknum og þær metnar út frá markmiðum og áherslum sem fram koma í Sóknaárætlun Suðurnesja.

Allt hreint
Umhverfissvöttuð ræstingarþjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS



16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS
Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

CARGOFLUTNINGAR.IS

Pantið flutning á cargoflutningar.is

845 0900



FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

Ekki komið með lausnir vegna leikskóla og aukins umferðarmagns

„Ekki hefur verið komið með lausnir vegna leikskóla og alls ekki vegna þess aukna umferðarmagns sem bætist við svæðið. 600 íbúðir verða 1250 íbúðir og mv 1,6 bíl á íbúð eru þetta tæplega 2000 bíla aukning,“ segir í bókun sem bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Reykjanesbæ, þau Guðbergur Reynisson, Margrét Sanders og Helga Jóhanna Oddsdóttir, lögðu fram á síðasta fundi bæjarstjórnar Reykjanesbæjar vegna breytinga á aðalskipulagi vegna Vatnsness. Vísað var til bókunar í fundargerð bæjarráðs frá 17. ágúst á síðasta ári.

„Umferðar- og samgöngumannvirki Reykjanesbæjar eru löngu sprungin. Okkur er svo sagt að lausnin sé að íbúar og gestir bæjarins eigi að nýta sér alla þá fjölbreyttu samgöngumáta sem í boði eru.

Við hvetjum því meirihlutann bæði til að fara að framkvæma eitthvað af þeim samgöngubótum sem endalaust eru ræddar og fara að standa miklu betur með öllum þessum fjölbreyttu samgöngumátum,“ segja bæjarfulltrúarnir í bókuninni.

Í bókun frá fundargerð bæjarráðs 17. ágúst 2024 segir: „Sjálfstæðisflokkurinn ítrekar áhyggjur sínar varðandi það mikla bygg-

ingarmagn sem áætlað er á Vatnsnesinu. Áður en ákvörðun um þessa miklu þéttingu byggðar er

tekin væri rétt að skoða hvar börn í því hverfi eigi að sækja grunnskóla, hvar leikskóli eigi að byggjast upp, hvernig umferðamálum verði háttáð og hvernig aðrir innviðir bera þessa aukningu á svæðinu, svo ekki sé talað um sjónræn áhrif sem þessi fjöldi stórhýsa hefur. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að framangreind mál verði skoðuð vel áður en farið verður af stað í áætlaðar framkvæmdir.“



Fullbúin fasteign reyndist við nánari skoðun vera nær fokheld

■ Fá dæmi um endurskoðun kaupverðs

Afar fá dæmi eru um að grípa hafi þurft til endurskoðunar kaupverðs við kaup á eignum í Grindavík. Þórkatla hefur tilkynnt þremur aðilum að krafa sé gerð um endurskoðun vegna slæms ástands eigna sem þeir seldu félaginu. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Þórkötlunni.

Fasteignafélagið hefur gengið frá kaupum á alls 932 eignum í Grindavík og í nær öllum tilfellum hefur kaupverðið staðið óhaggað. Af sjónvarpsfrétt RÚV nýverið, þar sem rætt var við lögmann seljenda, mátti skilja að umfang þessara mála væri mun meira.

Brunabótamat hækkaði um tíu milljarða eftir hamfarirnar

Í tilkynningu Þórkötlunni segir að kaupverð eigna einstaklinga í

Grindavík miðaðist við 95% af brunabótamati samkvæmt lögum sem Alþingi setti en seljendum gafst þó ráðrúm til þess að óska eftir hækkan brunabótamats hjá HMS í kjölfar hamfaranna. Margir nýttu sér þennan möguleika og hækkaði brunabótamat fasteigna í Grindavík um 10 milljarða króna á nokkrum mánuðum vegna þessa.

Í flestum tilfellum hefur hækkan brunabótamats verið réttlát og eðlileg. Nokkur dæmi eru þó um ósamræmi milli matsins og raun-

verulegs ástands eigna. Í slíkum tilvikum hefur félagið kallað eftir endurmati á brunabótamati frá HMS áður en afsalsgreiðsla er greidd.

„Mikil áhersla var lögð á að hraða kaupum á eignum Grindvíkinga og því framkvæmdi Þórkatla almennt ekki hefðbundna skoðun fyrir gerð kaupsamningsins, heldur gerði úttekt á þeim við afhendingu. Þó svo að í langflestum tilvikum hafi frágangur og skil eignanna verið í góðu lagi þá voru nokkur dæmi um hús í óásættanlegu ástandi. Ein fasteign sem seld hafði verið sem fullbúið hús reyndist við nánari skoðun vera nær fokheld,“ segir orðrétt í tilkynningu Þórkötlunni.

NÝR ÞÁTTUR Á FÖSTUDÖGUM
YOUTUBE-RÁS VÍKURFRÉTTA OG VF.IS

SUÐURNESJA
magasín

Garndagar

Verið velkomin á Hafnargötu 27a

A4



20%
afsláttur

af öllu garni &
hannyrðavörum,
28. janúar til
10. febrúar

A4 REYKJANESBÆ
HAFNARGÖTU 27A

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 9 - 18
LAUGARDAGA 10 - 17

ÍSLENSKA
ÁNÆGJUVOGIN

Blue Car Rental hagnýtir gervigreind

Blue Car Rental skrifaði á dögnum undir samning við hugbúnaðarhúsið Snjallgögn um þróunarsamstarf á sviði gervigreindar. Stjórnendur fyrirtækjanna eru sammála um mikilvægi gervigreindar og telja að mörg tækifæri til framtíðar liggi í tæknilausnum fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu.

GAGNADRIFIN BÍLALEIGA

„Blue Car Rental hefur alla tíð einblínt á gögn og tækni og því reynum við okkar besta til að vera leiðandi á markaði þegar kemur að nýjum hugmyndum og tækninýjungum í þjónustu til viðskiptavina. Við erum afskaplega spennt fyrir samstarfinu við Snjallgögn því við trúum því að gervigreindin eigi eftir að umbylta starfsemi ferðaþjónustu á heimsvísu og efla bæði þjónustuveitendur og notendur til að gera góða upplifun enn betri. Ekki sist þegar kemur að leit ferðafólks að sérsniðnum, hagkvæmum og öruggum upplifunum á ferðalögum. Við lítum á þetta sem sóknarfæri sem getur skapað samkeppnisforskot í hörðum heimi,“ segir Magnús Þór Magnússon, viðskiptaþróunarstjóri Blue Car Rental.

ÁRANGURSRÍK SNJALLMENNI

„Snjallgögn hafa um árabíl verið í nánu þróunarsamstarfi við ferðaþjónustufyrirtæki, sem nota gervigreindarlausnir okkar til að fást við milljónir fyrirspurna á ársgrund-

velli. Þjónustugreind er nafnið sem við notum yfir þennan tiltekna hluta af lausnavöndlinum okkar, Context Suite. Hún hefur verið svo árangursrík hjá viðskiptavinum okkar í ferðaþjónustu að yfir 60% þeirra viðskiptavina afgreiða sig á eigin spýtur með snjallmenni sem skilur og talar móðurmál þeirra. Þetta er viti borin sjálfvirknivæðing og hagnýting hennar mun skera úr um rekstrarhæfni og lífvænleika fyrirtækja,“ segir Stefán Baxter, forstjóri Snjallgagna.

UM BLUE CAR RENTAL

Blue Car Rental ehf. er leiðandi ferðaþjónustufyrirtæki og ein af stærri bílaleigum landsins með um 100 starfsmenn og 6,2 milljarða veltu árið 2023. Frá stofnun fyrirtækisins fyrir fimmtán árum hefur það þjónustað um eina milljón ferðamanna. Til viðbótar við útleigu á bílum rekur fyrirtækið meðal annars fullkomin sprautu- og þjónustuverkstæði.

UM SNJALLGÖGN

Sprotafyrirtækið Snjallgögn ehf. er tíu manna hugbúnaðarhús í Reykjavík sem þróar fjölbreyttar gervigreindarlausnir fyrir atvinnulífið. Meðal viðskiptavina fyrirtækisins í dag eru Arctic Adventures, Bónus, Elko, Nova, RARIK og Skatturinn. Fjárfestar að baki Snjallgagna eru Founders Ventures, MGMT Ventures, Tennin, Icelandic Venture Studio og Bright Ventures.



Frá vinstri til hægri eru Kristín Jónsdóttir, rekstrarstjóri Snjallgagna, Gísli Örn Gíslason, tæknistjóri Blue Car Rental, Stefán Baxter, forstjóri Snjallgagna, og Magnús Þór Magnússon, viðskiptaþróunarstjóri Blue Car Rental.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

HULDA GÍSLADÓTTIR
Njarðarvöllum 2, Reykjanesbæ

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja miðvikudaginn 15. janúar.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 30. janúar klukkan 13.

Anna Lilja Sigurðardóttir **Svavar Svavarsson**
Ari Leó Sigurðsson **Margrét Guðrún Valdimarsdóttir**
Sverrir Heiðar Sigurðsson **Auður Kristinsdóttir**
Sigrún H. Sigurðardóttir Fossdal
Helen Sif Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn



Varnargarðar við Svartsengi hækkaðir

Varnargarðar hafa verið hækkaðir töluvert í Svartsengi síðustu vikur. Verktakar hafa lagt nótt við dag í hækkingu garðanna og ekki hefur veitt af þar sem það hraun sem náð hefur að renna að gördunum í undanföllum eldgosum hefur á nokkrum stöðum náð hæð garðanna og jafnvel náð að senda smá hraunspíur yfir garðinn. Land er ennþá að rísa í Svartsengi. Atburðarásin þar er því enn í fullum gangi og er að þróast mjög svipað og fyrir síðustu gos. Samkvæmt líkanreikningum Veðurstofu Íslands mun rúmmál kviku undir Svartsengi ná neðri mörkum í lok janúar eða byrjun febrúar. Þetta þýðir að það má gera ráð fyrir því að líkur á kvikuhlaupi og jafnvel eldgosu á Sundhnúksgíggaröðinni fari að aukast frá þeim tíma. Myndina hér að ofan tók Ísak Atli Finnbogason, ljósmyndari Víkurfrétta, í drónaflugi um síðustu helgi. Myndin er tekin sem breiðmynd og sýnir Sýlingarfell lengst til vinstri, Þorbjörn er fyrir miðri mynd og hraunið sem fór yfir bílastæðið við Bláa lónið er lengst til hægri á myndinni.

Góð tenging við atvinnulífið

Grindvíkingurinn Erla Ósk Wissler Pétursdóttir hefur verið ráðin forstöðumaður Executive MBA (EMBA) náms við Háskólann í Reykjavík. Í tilkynningu segir að Erla komi til HR frá Marine Collagen í Grindavík þar sem hún hafði verið framkvæmdastjóri frá árinu 2021. Erla útskrifaðist sjálf úr EMBA-náminu við HR árið 2023 en þar áður hafði hún lokið hagfræðiprófi með stærðfræði sem aukagrein frá Macalester College í St. Paul í Minnesota í Bandaríkjunum árið 2004.

Erla er með víðtæka stjórnunarreynslu úr atvinnulífinu og var m.a. mannaútsstjóri Vísis hf. í Grindavík og framkvæmdastjóri Codland ehf.

Erla situr í stjórn Síldarvinnslunnar og hefur setið í stjórn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og í stjórn Nýsköpunarsjóds atvinnulífsins. Erlu lýst vel á sig í nýrri vinnu.

„Þar sem Marine Collagen hefur ekki getað framleitt neitt síðan við rýmingu í nóvember '23 var öllum starfsmönnum fyrirtækisins sagt upp. Mér var sagt upp í ágúst á síðasta ári en á uppsagnarfrestinum sá ég þessa stöðu forstöðumanns EMBA við HR auglýsta og sótti um. Ég útskrifaðist sjálf úr þessu námi árið 2023 og þekki það því vel og ég er alsæl með að fá starfið. Ég byrjaði í náminu 2020 en tók mér ársleyfi þegar ég tók við framkvæmdastjórastöðu í Marine Collagen og útskrifaðist svo úr náminu '23 eins og áður sagði og mæli eindregið með því fyrir þá sem vilja auka við þekkingu sína og reynslu. Ég hef alltaf verið áhugasöm um nám og sérstaklega hvernig einstaklingurinn eflist þegar hann bætir við sig þekkingu. Þegar ég var mannaútsstjóri hjá Vísí var ég alltaf með augun opin fyrir tækifærum fyrir starfsfólk Vísis að bæta við sig þekkingu og þróa sig áfram í sínu starfi.



”

Það er mikil þekking og reynsla búin að myndast, nýir markaðir voru búnir að opnast svo það er alveg á hreinu í mínum huga að Marine Collagen hefur alla burði til að verða flott fyrirtæki í framtíðinni.

EMBA námið í HR er gæðavottað og alþjóðlegt en við erum með reynslumikla kennara víðs vegar að og erum í samstarfi við MIT og IESE. Færnin og tengslanetið sem ég öðlaðist í náminu hefur reynst mér mjög vel og ég hlakka mikið til að taka þátt í að þróa námið enn frekar. Mitt starf felst m.a. í að halda góðri tengingu við at-

vinnulífið, viðhalda gæðakröfum námsins, samskipti við kennara og yfir höfuð að halda utan um námið en það eru að meðaltali 35 sem hefja nám á hverju ári. Mér líður eins og ég sé komin á minn heimavöll, ég hef lengi verið spennt fyrir tengslum skóla og atvinnulífs og nú hef ég tækifæri til að beita mér á því sviði.“

Marine Collagen í biðstöðu

Marine Collagen er nýsköpunarfyrirtæki í sjávarútvegi, fyrirtækið vann gelatín og collagen úr fiskroði og var komið á góðan skrið þegar ósköpin dundu yfir í Grindavík.

„Marine Collagen var byrjað að skila jákvæðri framlegð og fyrirtækið var á góðri leið með að fara skila hagnaði. Við þurftum auðvitað að hætta vinnslu eftir 10. nóvember en vorum klár í að hefja hana aftur í janúar í fyrra þegar annar sigdalur myndaðist og tjónaði húsnæði okkar talsvert. Við höfum verið í biðstöðu síðan þá og erum í viðræðum við NTÍ varðandi bætur fyrir húsnæðið en það verður talsvert verk, tækin okkar eru stór og þung og húsnæðið hallar mikið þó ekki hafi orðið alltjón. Við vorum komin á gott skrið og farin að framleiða úr meira en 60 tonnum af roði á viku og ef við hefðum haldið slíkum dampi þá var ljóst að framtíð fyrirtækisins var björt. Það er mikil þekking og reynsla búin að myndast, nýir markaðir voru búnir að opnast svo það er alveg á hreinu í mínum huga að Marine Collagen hefur alla burði til að verða flott fyrirtæki í framtíðinni. Verð á roði fimmfaldast með tilkomu félagsins sem er gríðarlega jákvætt fyrir sjávarútveginn. Nú verðum við bara að bíða og sjá hvernig málin þróast en ég trú þvi að Marine Collagen komist aftur af stað,“ sagði Erla Ósk að lokum.

Beint streymi frá Sundhnúskagíggaröðinni á vf.is



FRÁRENNSLISLAGNIR EHF
pípulagningaverktakar



Dren- og skólplagnir

Frárennslislagnir

Við tökum að okkur:

- Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki, sumarhús og húsfélög
- Alla almennar pípulagnir og breytingar baðherbergja og eldhúsa
- Skólp og drenlagnir
- Snjóbræðslu í tröppur og plön
- Uppsetningu á stýribúnaði
- Föllum yfir hitakerfi og stillum ef þess þarf
- Tengjum heita potta og uppsetningu á pottastýringum
- Gröfuvinnu
- Alla almenna múrvinnu innan sem utan og flísalögn
- Smíðavinnu
- Brotvinnu
- Rafvirkjun
- Tengjum rafstöðvar fyrir rafmagnsbíla og fleira
- Málningarvinnu innan sem utan

Við erum meistarar

- Pípulagningameistari
- Húsasmíðameistari
- Múrarameistari
- Rafvirkjameistari
- Málningarmeistari
- Byggingarstjóri

**Endilega hafið samband
ef það er eitthvað
frarennslislagnir.is**

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



K I P K E T V F R U Ð Æ M É F
 L L Ð F A S T U R I B B I S J
 Ó Ð U R P U A L H U K I V K Ö
 F E G Æ E X I I G E S Ð I R L
 R J A Ð R G Ð Ð F T V Ý M Ú M
 U K D I Ú U E Æ R B I K Ð Ó I
 K Ý Ú R S Ó L I U G Ð A T U Ð
 I F E A T S G Y K A R U J A I
 E K B D A A J U B I N Ý T Ð L
 L A K E S F K G Ð Ó S Ó S A L
 A M É K D F A L A Ö J Æ Ð L Ö
 Ð Ú Ó T A M S A R N J N M L K
 R R J I A R I D N A Á J S H G
 O A B L D E K K R A M K A T F
 Ú P L Ó S R A G U A L D N U S

SNJÓBYLUR
 UGLA
 STRIGASKÓR
 NJÓTA
 KRAKKI
 RÚSTA
 KVIKUHLAUP
 GLEÐI
 AÐALL
 ORÐALEIKUR

SVIÐ
 GERÐI
 SUNDLAUGAR
 LIÐUG
 SJÁANDI
 GAMALL
 FJÖLMIBILL
 MÆÐUR
 RÆÐIR
 TAKMARK

Gangi þér vel!



Fylgja handboltalandsliðinu á hverju ári

Allnokkrir Suðurnesjamenn fylgdu handboltalandsliðinu á HM í Króatíu. Fimmendingarnir Ólafur Thordersen, Einar Sigurpálsson, Hafsteinn Ingibergsson, Hjalti Már Brynjarsson og Valdimar Örn Valsson hafa í mörg ár farið og fylgst með nokkrum leikjum Íslands á stórmótum í handbolta. „Þetta er hrikalega skemmtilegt. Við félagarnir höfum undanfarin ár leigt okkur hús í borgunum sem mótin hafa farið fram. Við gerðum það núna og fórum á leiki liðsins í milliriðli. Það er gríðarleg stemning og þetta var gaman þó svo að það hafi verið vonbrigði hvernig þetta endaði. Auðvitað átti liðið að komast í átta liða úrslit. Við stefnum auðvitað á næsta mót eftir ár,“ sagði Hafsteinn en hann er sjálfur gamall handboltagaur og aðallega þekktur fyrir að hafa

verið handboltadómari á Íslandi í áratugi. Á myndinni má sjá þá félagi á góðri stundu með Elliða Snæ Viðarssyni, línumanninum snjalla úr Eyjum, eftir einn sigurinn í Króatíu. Á hinni myndinni eru líka reglulegir fylgdarmenn Íslands,

þeir Hjálmar Árnason, Magnús H. Guðjónsson og Óli Jón Arnbjörnsson sem brosa hér framan í myndavélina með nýjum utanríkisráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur.



SUÐURNESJA
VF **magasín**

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín?
 Sendu okkur línu á vf@vf.is

Bílaviðgerðir
Smurpjónusta
Varahlutir

BÍLAR & PARTAR

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík
 sími 421 7979
 www.bilarogpartar.is

Rétturinn

Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið: 11-13:30 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //

Af útgerðarfélagum um land allt

Nú liður að lokum janúar og þegar þetta er skrifað þá er allt að fyllast af snjó, alvöru vetur í gangi núna.

Veidið það sem af er janúar er búið að vera nokkuð góð og veður-farið hefur líka verið gott, engar alvöru brætur hafa komið, þó svo að framundan séu skrautleg veður.

Ef við lítum fyrst aðeins á togarana þá er Jóhanna Gísladóttir GK komin með 306 tonn í fimm löndunum og mest 85 tonn, Áskell ÞH með 249 tonn í fjórum löndunum, Sóley Sigurjóns GK með 219 tonn í þremur túrum, Vörður ÞH með 210 tonn í þremur og Pálína Þórunn GK með 122 tonn í tveimur túrum.

Nýjasti togari landsins, Hulda Björnsdóttir GK, er kominn með 295 tonn í þremur löndunum og mest 131 tonn í löndun. Hulda Björnsdóttir GK var í eigu Þorbjarnar ehf. en núna er búið að skipta fyrirtækinu upp í þrjá hluta, einn af þessum hlutum heitir ansi sérstök nafni, eða Ganti ehf.

Mjög sérstakt nafn á fyrirtæki og þegar ég fór að leita af þessu nafni þá tengist það samkvæmt Íslensku orðabókinni, orðinu Galsi eða Galgopaskapur. Sem sé húmor eða fyndni.

Ef fyrirtækið sem á Hulduna heitir þessu sérkennilega nafni, hvað heita þá hin fyrirtækin?

Jú, fyrirtækið sem gerir út Hrafn Sveinbjarnarson GK heitir nú nokkuð finu nafni, eða Blika Seafood ehf. Fyrirtækið sem gerir



út Tómas Þorvaldsson GK heitir nokkuð flottu nafni, eða Utgerðarfélag Grindavíkur ehf.

Þetta orð, útgerðarfélag, var nokkuð algengt hér á árum áður, það þekktasta og það fyrirtæki sem lengst var með þetta orð, var Utgerðarfélag Akureyrar. Síðan voru önnur fyrirtæki með þetta orð, til dæmis Utgerðarfélag Flateyrar, Utgerðarfélag Reykjavíkur og á Suðurnesjum hefur líka verið til Utgerðarfélag Keflavíkur og Utgerðarfélag Sandgerðis. En Utgerðarfélag Grindavíkur hefur að mér telst til ekki verið til áður.

Af öðrum en trollbátunum þá má helst nefna að línubátarnir hafa veitt mjög vel og ef við skoðum dagróðrabátanna þá er Fjölnir GK (með danska Ö-inu) kominn með 168,5 tonn í sautján róðrum. Á þessum báti eru tvær áhafnir og tveir skipstjórar. Júlli sem lengi var með Daðey GK og Kiddó sem var

AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson
 gisli@afllafrettir.is



árið 2024 með Daðey GK (nýja) en þá var Júlli með Fjölni GK. Óli á Stað GK er með 157 tonn, líka í sautján róðrum, Margrét GK með 159 tonn í fimmtán róðrum og mest 15,7 tonn. Vésteinn GK með 116 tonn í níu róðrum, mest 20,4 tonn. Gísli Súrsson GK með 80 tonn í sjö og mest 16,7 tonn, hluta þess afla var landað á Stöðvarfirði. Hópsnes GK var með 88 tonn í tólf og mest 10 tonn. Geirfugl GK með 75 tonn í ellefu og mest 12,5 tonn. Dúddi Gísla GK var með 57 tonn í níu róðrum og mest 10,6 tonn.

Katrín GK er eini báturinn sem er fyrir norðan og er komin með 16 tonn í þremur róðrum og mest 6 tonn.

Víkurfrettir í samstarfi við FKA Suðurnes, félag kvenna á Suðurnesjum í atvinnulífínu, kynna Suðurnesjakonur í félaginu. Markmið með kynningunum er að vekja athygli á FKA konum í atvinnulífínu á Suðurnesjum, fyrirtækjunum sem þær sinna. FKA Suðurnes er hluti af FKA á Íslandi, Félagi kvenna í atvinnulífínu.

Nafn: Sigurbjörg Gunnarsdóttir

Aldur: 41 árs

Menntun: B.Sc. sálfræði, B.Sc. íþróttافرæði, MLM forysta og stjórnun með áherslu á mannauðsstjórnun

„Orkustöðin varð til af hugsjón og ástríðu fyrir bættri heilsu. Eftir að hafa starfað sem ráðgjafi og sérfræðingur hjá VIRK í sex ár fann ég að það vantaði litla heilsurækt miðsvæðis í Reykjanesbæ, þar sem hægt er að hlúa að líkama og andlegri heilsu.“



Orkustöðin
Styrkur – Jafnvægi – Vellíðan



Framkvæmdaglöð og elskar að ferðast

Sigurbjörg Gunnarsdóttir er fótboltamma, spriklari og flakkari með brennandi áhuga á bættri heilsu. Hún og eiginmaður hennar stofnuðu og reka Orkustöðina heilsurækt í Njarðvík sem hún segir hafa verið ótrúlega rússíbanareið. Sigurbjörg er kona mánaðarins hjá **FKA Suðurnes**.

Ég á og rek Orkustöðina heilsurækt í Njarðvík. Ég held utan um daglegan rekstur, fjármál, samskipti við iðkendur og markaðsmál. Í litlu fyrirtæki þarf maður að vera kamelljón og skutla sér í flest verkefni. Það hentar mér ótrúlega vel, enda elska ég áskoranir og að læra nýja hluti.

Orkustöðin varð til af hugsjón og ástríðu fyrir bættri heilsu. Eftir að hafa starfað sem ráðgjafi og sérfræðingur hjá VIRK í sex ár fann ég að það vantaði litla heilsurækt miðsvæðis í Reykjanesbæ, þar sem hægt er að hlúa að líkama og andlegri heilsu. Við fengum snillinginn hann Jónsa arkitekt til að hanna Orkustöðina þar sem áhersla var m.a. lögð á hlýleika og tengingu við náttúruna. Nýlega bættist við infrarauður sána-klefi sem hefur slegið í gegn hjá iðkendum. Dásamlegt hafútsýni setur svo punktin yfir i-íð og gerir æfingaupplifunina enn betri. Ósjaldan sjást hvalir, selir eða önnur dýr leika sér fyrir framan gluggann.

Það að hreyfa sig á að auka vellíðan og jákvæða upplifun, hún má ekki vera refsing fyrir að borða óhollt kvöldinu áður. Í Orkustöðinni ríkir einstaklega notalegt og heimilislegt andrúmsloft og ég er heppin að hafa yndislega og skemmtilega iðkendur og þjálfara.

Ég er mjög framkvæmdaglöð og elska að ferðast. Við hjónin höfum byggt tvö hús og það þriðja er í byggingu, einnig höfum við gert upp nokkur hús. Ég ætlaði alltaf að verða smiður þegar ég yrði stór en heilsugeirinn varð ofan á. En það er frábært að hafa smiðarnar sem áhugamál. Mér finnst líka fátt eitt skemmtilegra



en að þræða fótboltamótin með börnunum mínum þremur sem æfa með Njarðvík.

Ég hef lengst af starfað sem kennari, þjálfari og ráðgjafi. Ég byrjaði að kenna í Akurskóla 2006 eftir útskrift úr íþrótt-

fræðinni og svo færði ég mig yfir til Virk eftir útskrift úr sálfræðinni 2014. Þar starfaði ég í tæp sex ár. Því næst stofnuðum við hjónin fyrirtæki sem hefur verið ótrúleg rússíbanareið, krefjandi og gefandi á sama tíma. Það er

ekki sem hefði getað búið okkur undir þetta enda ekkert grín að opna heilsurækt í byrjun covid-faraldurs. En hindranir eru bara til að komast yfir þær og með jákvæðni, von og dass af kæruleysi gekk dæmið upp. Ég er virkilega stolt og þakklát fyrir falletu Orkustöðina okkar.


Ég er Njarðvíkingur í húð og hár en bjó á Laugarvatni og í Reykjavík þegar ég var í háskólanámi. Ég hef síðastliðin sautján ár búið í Innri-Njarðvík og líður mjög vel þar. Það besta við að búa á Suðurnesjum er hversu stutt er í allt og traffíkin er mun minni en í Reykjavík. Það er ennþá smábæjarbragur og fólkið vinalagt á Suðurnesjum. Íþróttastarfið er til fyrirmyndar og það er dásamlegt að ala börn upp hér. Krakkarnir okkar eru alsælir í Stapaskóla og ég hlakka ótrúlega mikið til þegar nýja sundlaugin opnar þar sem ég er mikill selur.

Ég skráði mig í FKA árið 2019 þegar ég fór af stað í rekstur. Ég fann fyrir óryggi og datt í hug að í félaginu gæti ég fengið hvatn-

ingu og leiðsögn frá reyndari konum. Það var heldur betur raunin. FKA Suðurnes var eitthvað sem mér fannst vanta þegar ég gekk í félagið. Ég var dugleg að sækja viðburði í Reykjavík en fann hvað mig langaði að tengjast betur konum á Suðurnesjum í atvinnulífínu. Ég er ótrúlega ánægð með Suðurnesjadeildina og finnst frábært að geta sótt viðburði í heimabæ sem og í Reykjavík. Ég hef kynnst mörgum skemmtilegum, reynslumiklum og klárum konum í FKA Suðurnes sem eru duglegar að gefa af sér og hafa gaman saman.

FKA er gríðarlega valdeflandi félagsskapur og hefur gefið mér dýrmætt tengslanet og vináttu. Það hefur verið ómetanlegt í rekstri að geta leitað til kvenna í sömu stöðu. FKA konur eru duglegar að miðla reynslu sinni og hefur félagið m.a. haldið úti Mentor-prógrammi sem ég mæli heilshugar með. Ég veit ekki hvar ég væri í dag ef Bryndís, minn mentor á sínum tíma, hefði ekki verið á kantinum þegar ég var að taka mín fyrstu skref í rekstri. Ég er líka í kvenfjórðingafélagi sem varð til á FKA-viðburði. Við vorum nokkrar sem vorum mjög áhugasamar um fjárfestingar og stofnuðum í framhaldi félag sem hefur verið lærdómsríkt og skemmtilegt.

Mitt heilræði til kvenna á Suðurnesjum er að vera óhræddar við að elta drauma sína og fylgja innsæinu – og að sjálfsögðu gefa sér tíma fyrir sig, passa upp á heilsuna þar sem við eigum bara eitt eintak af okkur. Við þurfum að næra okkur andlega og líkamlega. Góður félagsskapur eins og FKA er frábær andleg og fagleg næring.



„Ég vissi að ég þyrfti að koma inn á tilfinningar ráðafólks, það var ekki nóg að benda eingöngu á tölur í Excel,“ segir Grindvíkingurinn Bryndís Gunnlaugsdóttir. Hún vakti verðskuldaða athygli á fyrsta íbúafundinum með Grindvíkingum. Fundurinn var haldinn eftir að maður týndi lífi sínu í sprungu í Grindavík í janúar á síðasta ári og gossprunga myndaðist innan varnargarða þaðan sem hraun rann og tók þrjú hús. Ræða Bryndísar hreyfði greinilega við ráðafólki og hugsanlega á hún nokkuð stóran þátt í að fasteignafélagið Þórkatla varð til. Á þessum tímamarki voru tökurlöngur á heimildarþáttum um Grindavík sem fjalla um síðasta keppnistímabil körfuknattleiksliða Grindavíkur. Áður en varði var Bryndís komin í nokkuð stórt hlutverk í þáttunum.

Bryndís er sérfræðingur í sveitarstjórnarrétti og óvænt sjónvarpsstjarna

Sneerti tilfinningar



Byrjaði að æfa fótbolta undir stjórn pabba

Það var snemma ljóst að Bryndís myndi vera með aðkomu að íþróttum þar sem faðir hennar, Gunnlaugur Hreinsson, hefur lengi verið í fararbroddi UMFG.

„Ég byrjaði á að æfa fótbolta undir stjórn pabba míns en ég var svo léleg og fannst ekki gaman að hann væri að hjálfa mig. Ég svona léleg einbeitti mér frekar að körfunni. Ég byrjaði síðan aftur í fótbolta og var þá í marki en ég fann fljótt að karfan yrði mín íþrótt. Ég æfði með einhverjum unglingalandsliðum en var síðan mikið á höfuðborgarsvæðinu vegna háskólanáms og spilaði þá með nokkrum liðum í næstefstu deild og fljótlega var ég komin á kaf í stjórnarstörf í kringum körfuna.“

Ég tók þátt í að stofna meistaraflökk kvenna hjá Stjórnunni, endurverkja meistaraflökk kvenna hjá ÍR og um tíma var ég í stjórn KKÍ. Mitt baráttumál hefur alltaf mest verið kvenfólkið í körfunni. Mér fannst oft halla ansi mikið á okkur stelpurnar en þetta hefur batnað mikið. Mér finnst að það ætti að taka upp leyfiskerfi hjá félögum, að það sé skylda að halda úti meistaraflökki kvenna og góðu barna- og unglingastarfi, ef lið eru með karla í efstu deild. Að öðrum kosti geti lið ekki fengið leyfi til að keppa í úrvalsdeild karla og eyða öllum peningunum í öflugra útlendinga.

Umræðan um fjölda útlendinga mun alltaf vera uppi en með því að leggja meiri rækt við kvennakörfu og öflugt barna- og unglingastarf er tryggt að þau gjaldi ekki fyrir áherslu á útlendinga í meistaraflökki karla. Þetta segi ég með fullri virðingu fyrir útlendingum og til að taka af allan vafa, ég vil alls ekki hefta komur aðila innan EES. Það fólk á að hafa sömu möguleika á atvinnu hér, eins og við viljum að



Bryndís ásamt foreldrum sínum, Láru Marelsdóttur og Gunnlaugi Hreinsyni, og dótturinni Védisi.

okkar bestu leikmenn fái tækifæri erlendis. Félögin verða bara að fá að stjórna þessu sjálf en ættu að mínu mati að þurfa sýna metnað á öllum stigum, ekki bara í meistaraflökki karla.“

Lögfræði eftir meidsli

Bryndís fór á náttúrufræðibraut í Fjölbautaskóla Suðurnesja og segir stærðfræði alltaf hafa legið vel fyrir sér. Hún hafi ekki verið viss hvað hún vildi leggja fyrir sig í háskólanámi.

„Í einni landsliðsferð meiddist ég. Ólafur heitinn Rafnsson var fararstjóri en hann var frábær lögmaður. Ég þyrfti að hanga á sundlaugarbakkanum ein meðan liðið var í skoðunarferð og leiddist. Óli

hvatti mig til að lesa lagabækur og ég fann strax að ég hefði áhuga á því. Ég hóf lögfræðinámið í Háskóla Íslands en það var eitthvert leiðinlegasta ár lífs míns svo ég hætti þar, ekki af því að mér þætti námið sem slíkt óáhugavert, það var bara eitthvað við kennsluna og námið þar sem ég kunnir ekki að meta. Þegar ég sá sama nám auglýst í Háskólanum í Reykjavík stökk ég á tækifærið og var í fyrsta árgangi skólans í lögfræði árið 2002 og kláraði þar bæði BA og meistaranám.“

Ég fann fljótt að ég hafði ekki áhuga á að gerast lögmaður og vinna í dómstól svo ég einbeitti mér að skattarétti. Fyrir algæra tilviljun er ég svo orðin sérfræðingur í stjórnsýslu- og sveitarstjórnarrétti

í starfsemi ríkis og sveitarfélaga. Ég vann hjá KPMG ráðgjöf en er að hætta þar núna og er að fara starfa fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga og hlakka mikið til en ég vann þar einmitt áður en ég fór til KPMG.“

Boðnar bæjarstjórnarstöður

„Bryndís hafa verið boðnar bæjarstjórnarstöður.“

„Ég sé fyrir mér að það gæti verið spennandi starf en starfsöryggið er ótryggt. Það er erfitt að vera upp á það komin hvernig viðkomandi meirihluti er skipaður og þurfa að vikja eingöngu út á pólitík. Einnig er þetta nokkurs konar farandsstarf og ég vil helst búa í samfélagi þar sem er öflugt íþróttastarf og þá helst körfubolti.“

Ég hlakka til að taka til starfa hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í febrúar að loknu fæðingrarorlofi. Ég hef líka verið að kenna sveitarstjórnarrétt í Háskólanum í Reykjavík og á Bifrost. Ég var beðin að kenna líka í Háskóla Íslands en mér fannst nóg að kenna á tveimur stöðum. Ég held ég geti haldið því fram að ég sé mjög vel

inni í sveitarstjórnarrétti og sumir vilja meina að ég sé á meðal færustu sérfræðinga landsins í þessum málum en það er annarra að meta. Þetta er þröngt svið og ekki margir sem sökkva sér í þessi fræði en þetta á vel við mig enda sameinar þetta stjórnarmál og lögfræði,“ segir Bryndís.


Sjónvarpsstjarna á íbúafundi

Eins og áður hefur komið fram hefur Bryndís lengi verið viðloðandi kvennastarf í körfunni og var aðstoðarkona Þorleifs Ólafssonar með meistaraflökk kvenna í Grindavík á síðasta tímabili. Hlutirnir breyttust gríðarlega frá því að tímabilið hófst í október þar til Grindvíkingar þyrftu að yfirgefa bæinn. Fljótlega eftir 10. nóvember var komin hugmynd á borðinu um gerð heimildarmyndar um körfuknattleikslið Grindavíkur á síðasta tímabili. Handritið var óskrifað í upphafi og átti heldur betur eftir að þróast. Bryndís var vissulega í mynd þegar athyglin var á kvennaliðinu en hún átti ekki von á að vera komin í aðalhlutverk í sumum þáttanna.

Óléttan þótti góð sögulinna

„Þetta ferli byrjaði um miðjan nóvember en enginn vissi í raun hvernig þættirnir myndu þróast. Fljótlega var ég beðin um að leyfa tókuliðinu að fylgja mér eftir því ég var ólétt. Það þótti góð sögulinna en þeir voru líka með margar aðrar sögulínur í gangi. Þegar þetta var að byrja vissi enginn, hvorki ég né aðrir, að ég myndi halda þessa ræðu á íbúafundinum og þannig kannski gerist það að ég fæ stærra hlutverk í þáttunum.“

Það vakti athygli hvernig ég sagði ráðafólki hvernig mér leið og hefði liðið daginn eftir að eldgosíð náði inn í bæinn og tók þrjú



Védís Hafsteinsdóttir mætir á vettvang.



Grindavík 14. janúar 2024. Ljósmynd: Arni Sæberg

Ráðafólks



Ljósmynd um síðustu jól.

”

Ég veit að ég særði þá sem misstu húsin sín í þessu eldgosi og mér þykir það mjög leitt og vil biðja þau innilega afsökunar. Ég veit að þau eru að ganga í gegnum ólýsanlega erfiðleika og hafa þurft að þola óþolandi skrifræði og flókna stjórnslu í framhaldinu. Ég vildi alls ekki særa þetta fólk en mér fannst ég verða að segja heiðarlega frá minni upplifun, að vera föst með allt mitt í húsi í Grindavík í miðjum náttúruhamförum og geta ekki byggt upp nýtt líf.



Grindavíkurfjölskyldan við skirn Védísar.



Ljósmynd: Arni Sæberg

við okkur Grindvíkinga. Sigurður Már Davíðsson sem vinnur myndina með honum var líka frábær. Garðar hafði gert heimildarmyndir sem ég hafði séð, t.d. myndina um Ölla og ég vissi strax að það væri ekki hægt að fá betri mann í verkið. Ég held að ótrúlega vel hafi til tekist og er viss um að þessi heimildapáttaröð muni hljóta mikla athygli utan landsteinanna,” sagði Bryndís Gunnlaugsdóttir að lokum.

Nánar á vf.is

Ítarlega og lengra viðtal við Bryndís verður að finna á vef VÍKURFRÉTTA, vf.is en þar fjallar hún um fjölskylduhagi sína, ræðir nánar um Þórkötlunni og hvað betur hefði mátt fara í allri framkvæmd í kjölfarið á að félagið var stofnað. Hún kemur inn á algengan misskilning Grindvíkinga varðandi að „vera á eigin ábyrgð“ og fjallar um framtíð Grindavíkur.



Bryndís og Hafsteinn á leik tvö í Smáranum á móti Val í úrslitum síðasta Íslandsmóts karla í korfuknattleik.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson sigurbjorn@vf.is

hús. Flestir áttu von á að ég hefði lýst yfir þakklæti yfir að húsið mitt skyldi ekki hafa brunnið, ekki að vonbrigðin hefðu verið vegna þess að húsið brann EKKI! Það er svo galin tilfinning að vilja að húsið sitt brenni einfaldlega svo hægt sé að byggja upp nýtt líf og ég vissi að þessi upplifun mín myndi geta hreyft við fólk ef ég sæði rétt frá.“

Föst í algerri óvissu

„Þá áttaði ráðafólk sig held ég á hversu alvarleg staðan var fyrir okkur Grindvíkinga. Við vorum algerlega föst í algerri óvissu með framtíðina og það eina sem gat bjargað okkur var að geta selt húsin okkar og ákveðið sjálf hvar við vildum setjast að. Þetta greinilega náði í gegn. Fljótlega var fasteignafélagið Þórkötla stofnað og losaði okkur úr snörinni ef þannig má að orði komast. Ég vissi þegar ég bað um orðið á þessum fundi að ég þyrfti að koma inn á tilfinningar ráðafólks. Það var ekki nóg að benda bara á tölur í Excel-skjali.

Ég veit að ég særði þá sem misstu húsin sín í þessu eldgosi og mér þykir það mjög leitt og vil

biðja þau innilega afsökunar. Ég veit að þau eru að ganga í gegnum ólýsanlega erfiðleika og hafa þurft að þola óþolandi skrifræði og flókna stjórnslu í framhaldinu. Ég vildi alls ekki særa þetta fólk en mér fannst ég verða að segja heiðarlega frá minni upplifun, að vera föst með allt mitt í húsi í Grindavík í miðjum náttúruhamförum og geta ekki byggt upp nýtt líf. Ég vildi frekar ná botninum og sjá húsið brenna en sitja föst.“

Mikilvægt að sagan sé skrásett

Eftir þennan íbúafund jókst hlutverk Bryndísar í þessum þáttum.

„Mér þótti sjálfsgat að leggja mitt af mörkum því það er svo mikilvægt að sagan sé skrásett. Það er því skiljanlegt að mín saga hafi fengið sess í þáttunum, upphaflega út af hlutverki mínu sem aðstoðarþjálfari en það eru góðar hliðarsögur í meðgöngunni og þessum íbúafundi. Ég var líka tilbúin að opna mig í þáttunum og hleypa þeim með mér t.d. í mæðravernd. Ég þekki leikstjórnann Garðar Örn Arnarson og vissi að hann myndi nálgast þetta verkefni af virðingu



Mynd frá vinnustofu um sameiningu Vesturbyggðar og Tálknafjarðar, Bryndís stýrði vinnunni.



Barnsfaðir Bryndísar, Hafsteinn Valdimarsson, hefur sankað að sér titilnum í blaki undanfarin ár með félögum sínum í Hamri.



Þorrablót Suðurnesjamaanna

Um 700 manns á blóti í Garðinum

Þorrablót Suðurnesjamaanna er virðulegt nafn á þorrablóti Knattspyrufélagsins Víðis í Garði og er ávallt haldið í upphafi þorra. Þar mæta um 700 manns ár hvert og skemmta sér konunglega og njóta matar og skemmtunar. Skemmtikraftar sem koma í Garðinn tala um að þorrablótíð þar sé engu öðru líkt og stemningin sé góð, í raun engu öðru lík. Ljósmyndari Víkurfrétta, Hilmar Bragi, kíkti með myndavélina í íþróttahúsið í Garði á laugardaginn og fangaði andrúmsloftið. Fleiri myndir frá þorrablótinu eru væntanlegar á vefinn okkar, vf.is.



UNGMENNI VIKUNNAR

Vildi geta flogið

Hvert er skemmtilegasta fagið?
Náttúrufræði.

Hver í skólanum þínum er líklegur til að verða frægur og hvers vegna?
Líklegust tel ég vera Helga Jara fyrir að vera körfuboltastjarna. Vegna þess að hún er geggjúð í körfubolta.

Skemmtilegasta saga úr skólanum:
Þegar ágætlega stórir jarðskjálftar komu fyrir í Grunnskóla Grindavíkur og samnemendur og kennarar mínir blíkkuðu ekki einu sinni.

Hver er myndastur í skólanum?
Íris Björt, hún er með samt með svartan humor.

Hvert er uppáhaldslagið þitt?
Beautiful boy með John Lennon.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?
TACOOOO.

Hver er uppáhaldsbiómyndin þín?
Me Before You. Það þarf alltaf allavega einn tissjú þakka fyrir áhorf þessara mynda.

Hvaða þrjá hluti myndir þú taka með þér á eyðieyju og hvers vegna?
Handklæði, til að þurrka af mér eftir að hafa fengið mér sundsprett. Sundföt, auðvitað og heilt bókasafn.

Hver er þinn helsti kostur?
Ég myndi telja minn helsta kost vera hjartsyni.

Ef þú gætir valið þér einn ofurkraft til að vera með restina af ævinni, hvað myndir þú velja?
Ég myndi velja flug. Þá gæti ég farið til hvaða landa sem er fyrir ekki eina einustu krónu.

Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks?

Best finnst mér kurteisi, það tel ég vera mikilvægast í mannlegum samskiptum.

Hvað langar þig að gera eftir grunnskóla?

Mig langar til þess að fara í framhaldsskóla á náttúrufræðibraut. Síðan læra djúralæknafræði eða sálfræði samhliða því að kenna dans.

Stundar þú íþróttir eða aðrar tómstundir?

Já, Ég stunda dans og ekkert fleira þar sem ég hef ekki tíma fyrir neitt annað.

Ef þú ættir að lýsa sjálfri þér í einu orði hvaða orð væri það? **Björt.**

Umsjón: **Gunnlaugur Sturla.**

Birta Rós Árnadóttir



Nafn: **Birta Rós Árnadóttir**

Aldur: **15 ára**

Bekkur og skóli: **Njarðvíkurskóli 10. P.B.I.**

Áhugamál: **Dans, söngleikir, sálfræði, förðun, trúarbragðafræði, skautar, danskennsla barna og dyrafræði.**

Bara mói?

Ég leyfi mér að birta hér athugasemd sem ég gerði við breytingu á deili- og aðalskipulagi vegna Aðaltorgs, í von um að það hreyfi við bæjarfulltrúum og ekki síður íbúum bæjarins.

Ég mótmæli harðlega fyrirætlunum um breytingar á aðal- og deiliskipulagi fyrir Aðaltorg eins og það er sett fram. Þessi framkvæmd, þrátt fyrir yfirlýsingar um annað, mun hafa gríðarlega áhrif á dyralíf á þessu svæði, að ekki sé talað um íbúa svæðisins og þá ekki síst þá byggð sem er næst þessu svæði. Þetta er ekkert annað en aðför að íbúum efstu húsa Suður-, Elliða- og Heimavalla af hendi forsvarsmanna Aðaltorgs og Reykjanesbæjar.

Þetta svæði, hvar ætlunin er að reisa 450 íbúðir á, er varpstaður möfugla. Lóa, spói og hrossagaukur eiga sér þarna afdrep, og eflaust fleiri. Þarna er stórt varpsvæði sílamáva, sem stjórnendur Reykjanesbæjar virðast í mikilli nöp við og þrengja stöðugt að varpsvæðum hans. sbr. athugasemdir vegna fyrirhugaðar byggðar í Keflavíkurborgum. Kriur verpa þarna einnig og einstaka rjúpa sést þar vor og vetur. Af þessari ástæðu einni ætti að banna þessa framkvæmd.

Áhrif á dyralíf

Ég set mikinn fyrirvara á hvaða áhrif þessi fyrirhugaða byggð hefur á vötnin okkar, Rósaselstjarnir, enda byggð komin ansi nálægt því svæði. Svæðið í kringum Rósaselstjarnir hefur undanfarn ár verið byggt upp með skógrækt og samhliða því hefur notkun þess sem útivistarsvæði orðið vinsælla. Dyralíf hefur jafnframt aukist til muna. Fuglalíf þrífst þar allt árið. Gæsir, endur, vaðfuglar og hrafnar hafast þarna við svo eitthvað sé nefnt.

Þessi framkvæmd, verði hún leyfð, mun hafa gríðarleg neikvæði áhrif á íbúa í efstu byggðum Suðurvalla, Elliðavalla og Heimavalla, ranglega fullt í skipulags- og matsskýrslu að áhrifin séu bara bundin við Elliðavelli. Þessi mói er fyrir okkur íbúana ævintýrlegt leiksvæði barna, þarna er m.a.

hægt að fara í berjamó. Þessi mói er útivistarsvæði allra íbúa Reykjanesbæjar.

Ónæði af völdum annara íbúa mun aukast. Ónæði og mengun af bílaumferð mun aukast þar sem bílaumferð mun aukast til muna. Hljóðmengun mun aukast, umhverfismengun mun aukast. Við munum missa það næði og þann frið sem þetta svæði veitir okkur. Þessi mói er skjól okkar fyrir ónæði annarra íbúa, skjól fyrir ónæði af bílaumferð, skjól okkar fyrir umhverfismengun. Þessi mói er okkar næði og friður. Þessi mói er okkar útsýni, þó vissulega sé búið að spilla því með þessu forljóta gámaskipti og skemmmum sem þarna eru komnar, en er þá ekki bara komið gott?

Þetta svæði sem um ræðir er óspillt, þrátt fyrir staðhæfingar í skipulags- og matsskýrslu um að það sé þegar búið að spilla því og það notað sem rök fyrir því að þessi framkvæmd sé réttlætunleg. Þó svo að það sé búið að setja upp tvær byggingar meðfram Aðalgötu þá er ansi langsótt að halda því fram að það sé þegar búið að spilla því svæði sem um ræðir. Svæðið frá þessum tveimur byggvingum og að vatnstanki er algerlega óspillt og á að fá að vera það áfram.

Ef þetta gengur eftir munu byggingar vera komnar ansi nálægt efstu húsum sem nú standa, þar sem nú er ekki neitt, 450 íbúða byggð komin nánast ofan í lóðarmörkin hjá okkur.

Þegar við flest keyptum okkar hús þá var ekkert sem sagði til um það að það ætti að reisa þarna fleiri byggingar, raunar fullt að þarna mætti ekki byggja þar sem það væri innan flugverndarsvæðis. Eitthvað hefur sú skilgreining breyst úr því að núna er verið í fullri alvöru að fara að reisa þarna byggð.

Í skipulags- og matsskýrslu sem gerð var fyrir þessa breytingu á skipulagi var því haldið fram að þessi byggð hefði óveruleg áhrif á þá byggð sem nú er fyrir sem er rakalaus þvættingur. Fyrir utan það allt sem að ofan er talið tel ég nokkuð ljóst að þetta komi til með að hafa neikvæð áhrif á verðmæti eigna okkar til lækkunar og kemur til með að gera okkur mun erfiðara



fyrir að selja þessar eignir þegar þar að því kemur.

Einnig er nauðsyn að benda á, að þau hús sem þarna eru fyrir við móajaðarinn, sitja mun lægra en þær byggingar sem er verið að ihuga að reisa sem gerir það að verkum að nýja byggðin mun gnæfa yfir þau eins og tröll yfir maurabúi sem er ekki beint gæfuleg framtíðarsýn. Útsýni íbúa nýju byggðarinnar, sér í lagi þeirra íbúa sem eru í hæstu bygginingunum, mun vera beint yfir á sólpalla húsa sem fyrr eru, með þeim óþægindum og innrás í þá friðhelgi sem fólk á heimtingu á að hafa á sinni lóð. Vegna þess hve mikið herra þessi nýja byggð mun standa þá munum við missa sólarstundir á ákveðnum tímum árs, þegar sólin er lágt á lofti. Hugsanlegt einnig að sólsetrið, vel sýnilegt okkur núna, muni hverfa okkur úr augnsýn.

Fullyrðingar í skipulags- og matsskýrslu um að þessi nýja byggð muni veita núverandi byggð skjól, er jafnvel beinlínis röng. Háar byggingar mynda vindstrengi og það mætti því færa rök fyrir því að þessi framkvæmd komi til með að hafa neikvæð áhrif á vind til aukningar á þá byggð sem fyrir er.

Svo er það flugumferðin. Þessi fyrirhugaða byggð er í mikilli nálægð við lendingar- og flugtaks leiðir flugvéla með þeim hávaða og ónæði sem því fylgir. Það mun því enginn heilvita maður vilja búa þarna ótilneyddur, enda segist sagan að þetta sé fyrst og fremst hugsað sem viðverustaður farandverkamanna sem starfa á Keflavíkflugvelli. Þarna eiga einnig að vera byggingar fyrir aldráða en ég get ekki ímyndað mér að það fari vel um þá í þessu ónæði af flugvélum.

Blekkingar

Eins og ég hef rakið hér að ofan mun þessi fyrirhugaða byggð svipta

okkur miklum lífsgæðum samhliða því að lækka verðmæti eigna okkar. Söngur möfuglanna, friðurinn og róin, útsýnið, kvöldsólin og sólarlagið, náttúran, móinn mun minnka til muna eða jafnvel hverfa okkur með öllu.

Skipulags- og matsskýrsla framkvæmdaaðila er uppfull af blekkingum og röngum fullyrðingum og þ.a.l. ætti með öllu að hafna þessum áformum.

Framkvæmdaaðilar sigla hér undir fölsku flaggi þéttingu byggðar, yfirlýstri stefnu Reykjanesbæjar. Þétting byggðar er ágætis markmið í sjálfu sér en algert skilyrði að það sé rétt og faglega að því staðið. Þétting byggðar þarf að taka tillit til þeirrar byggðar sem fyrir er og vera unnin í nánu samráði við íbúa svæðisins sem verður fyrir áhrifum af nýrri byggð en því miður hefur hvorugt átt við í þessu máli sem er sveitarfélaginu til skammar. Það er keyrt áfram af framkvæmdastjóra Aðaltorgs með fulltingi umhverfis- og skipulagsráðs og stjórnsýslu Reykjanesbæjar.

Íbúum hefur í engu verið kynnt þetta mál, fyrir einstaka tilviljun að það kom frétt um þetta á vf.is sem og drottningarviðtal við sjálfan jarlinn af Aðaltorgi á visir.is þar sem hann útlitaði fyrirætlanir sínar, þetta væri jú bara ómerkilegur mói sem mætti missa sín. Engir kynningarfundir um þetta mál með íbúum, hvorki af hendi framkvæmdaraðila né sveitarfélagsins, ekkert samráð, ekki neitt. Hér er málið keyrt áfram með gróðasjónarmið á lofti og í engu skeytt um hagsmunum íbúa.

Við þéttingu byggðar af þessari stærðargráðu hlýtur að verða að taka tillit til þeirrar byggðar sem fyrir er, sem er öll lágrest einbýlishús á einni hæð. Að detta það í hug að reisa þarna háhýsi upp á fjórar hæðir, fjórtán til átján metra há hús, ofan á þann hæðarmismun sem þarna er, er gjörsamlega galið.

Þetta skipulag sem þarna á að samþykka er í svo miklu ósamræmi við núverandi byggð að leitun er að öðru eins, kannski ónefnd viðbygging á Íshússtíg komist í hálfkvísi við þessa vitleysu. Ef mönnum er svo mikið í mun að byggja á þessu svæði þá hreinlega verður sú byggð að vera lágrest einnar hæðar byggingar.

Í óþökk íbúa

Byggðin sem þarna á að koma er heldur ekki neitt smáræði, 450 íbúðir. Gefum okkur að það verði tveir í hverri íbúð, sem er varlega áætlað, þá erum við að tala um 900 manns sem koma til með að búa á þessu svæði, og verða örugglega fleiri. Í gildandi lögum skal leitast við að lágmarksfjöldi sveitarfélags sé ekki undir 1.000 manns, þannig að það er ætlunin að setja þarna mannfjölda sem nemur heilu sveitarfélagi. Þetta yrði meiri fjöldi en er í 29 sveitarfélögum á Íslandi, 29, og hvorki er gert ráð fyrir leik- né grunnskóla í þessum tillögum, sem gefur til kynna að það sé ekki gert ráð fyrir því að barnafjölskyldur komi til með að búa þarna, það er klárlega ekki markhópurinn hvernig svo sem á því stendur. Þessi staðreynd yfir heldur betur undir þær sögusagnir um hverjir eigi að koma til með að búa þarna. Er þá virkilega ætlunin að fórna þessu svæði og rýra verðmæti húsa þeirra sem þarna búa núna, í algerri óþökk íbúa, fyrir íbúðir farandverkamanna sem vinna á Keflavíkflugvelli?

Þetta er ekkert annað en aðför að núverandi íbúum, aðför keyrð áfram af Aðaltorgi ehf, bökkuð upp af fulltrúum Umhverfis- og skipulagsráðs sem og stjórnsýslu sveitarfélagsins og kjörnum fulltrúum, sem ég hefði haldið að ættu að gæta hagsmuna íbúa gegn yfirgangi sem þessum. Enn og aftur fá peningaöflin að ráða.

Enginn kjörinn fulltrúi hefur gert neinar athugasemdir við þessa framkvæmd en nú þegar bæjarfulltrúi Umbótar, Margrét Þórarinsdóttir, hefur tekið að sér að berjast fyrir grænum svæðum í Dalshverfi þá hlýtur hún að berjast fyrir þessu svæði líka þó það sé aðeins brúnleitari.

Brynjur Huldu Hardarson, íbúi Reykjanesbæjar og viðmóa.



Aðsend grein frá 21. janúar 2025

Hljómahöll, óbærilegur fáránleiki meirihlutans

Fjöldmennur hópur íbúa í nágrenni Hljómahallar mótmælti fyrirhuguðum geymslum á lóð hússins sem þengt hefðu verulega að opnu svæði á milli húsa og gönguleið. Í skýrslu verkefnisstjóra um flutning bókasafnsins í Hljómahöll var skýrt tekið fram að megin forsenda þess að verkefnið gengi upp, væri bygging geymsluhúsnæðis á lóð Hljómahallar. Húsnæðið er sem sagt ekki nógu stórt til að hýsa bókasafn, tónlistarskóla og rokksafnið (þó rokksafnið verði í mýflugumynd). Megin forsendan er nú brostin og ekki til neitt plan B.

Að eingöngu sé vísað til viðbótar húsnæðis á lóð sem „geymsluhúsnæðis“ er reyndar beinlínis rangt, þar sem ljóst hefur verið frá upphafi að tónlistarskólanum er sniðinn það þröngur stakkur í þessum breytingum að þær „geymslur“ sem honum voru ætlaðar á lóð, þyrfti að nýta sem vinnuádstöðu starfsfólks.

Í Hljómahöll eru hagsmunir þeirra tveggja stofnana sem fyrir voru fótum troðnir, sérstaða þeirra og framtíðarsýn eru ekki tekin með í reikninginn. Við höfum ítrekað rætt gildi og möguleika Rokksafnsins og hlutverk þess við að laða að stórar ráðstefnur, árshátíðir og aðra viðburði.

Styrkur og sérkenni Tónlistarskóla Reykjaneshæjar hefur um áratuga skeið falist í samspili og öfluglu hljómsveitastarfi, svo eftir er tekið. Eftir langa sögu tónlistarskólans í lélegu húsnæði, var Hljómahöllin hönnuð og byggð að hluta í kring um skólann sem tengist hinna sterku tónlistarsögu- og menningu sveitarfélagsins órjúfanlegum böndum.

Með þessum breytingum á húsnæðinu missir tónlistarskólinn sjö rými til bókasafnsins. Þar á meðal eru æfingaaðstaða nemande, meðal annars þeirra sem ekki búa svo vel að eiga hljóðfæri heima, námsgagnasafn skólans (sem var á teikningum verkefnahópsins ranglega tilgreint sem geymsla, þrátt fyrir ábendingar starfsfólks), og vinnuástaða kennara verður hvorki fugl né fiskur.

Innan skólans starfa hátt í 40 kennarar samtímis við kennslu, meiri hluta vikunnar. Það væri forvitnilegt að vita hversu oft sá gestafjöldi mælist samtímis á bókasafninu, sem þó tekur nú yfir mikið magn fermetra undir allskonar starfsemi sem ekki tengist aðgengi að bókakosti.

Ljóst er að mikillar óánægju gæti á meðal starfsfólks, nemande, foreldra og fjölda bæjarbúa með þessa framkvæmd. Á meðan þjónusta við nemendur tónlistarskólans er skert, endurtekur meirihlutinn stöðugt að verið sé



Helga Jóhanna Oddsdóttir les bókun sjálfstæðismanna á fundi bæjarstjórnar Reykjaneshæjar þann 21. janúar síðastliðinn. Skjaskot af YouTube-rás Reykjaneshæjar

að auka þjónustu við bæjarbúa með þessum gjörningi.

Við í Sjálfstæðisflokknum höfum ítrekað bent á að vinna þurfi mun betur að og undirbúa ákvörðun um flutning stofnana sveitarfélagsins og taka tillit til allra mögulegra kosta í stöðunni. Engir aðrir kostir hafa verið skoðaðir í þessu tilviki og kostnaðaráætlun bæði ónákvæm eins og sjá má á samþykktum viðbótum við fjárhagsáætlun 2024 og án alls samanburðar við aðrar mögulegar leiðir.

Hvað liggur á?

Mikil tímapressa hefur verið á verkefninu. Rökin fyrir henni, sem meirihlutinn hefur meðal annars notað eru þau, að þar sem leggja á núverandi rými bókasafnsins undir bæjarskrifstofu, þurfi að losa það sem fyrst, enda yfirhaling á ráðhúsinu í heild í gangi.

Þær eru fjöldmennar raddir íbúa sem spyrja sig og okkur bæjarfulltrúa þeirrar sjálfsgöðu spurningar, að fyrst nemendur og starfsfólk leik- og grunnskólanna hefur getað látið sig hafa það að sinna sínum verkefnum í gáma-húsum undanfarin misseri, hvers vegna hefur ekki mátt nýta þá lausn fyrir bæjarskrifstofurnar, eða bókasafnið jafnvel, og vinna betur að heildar framtíðarsýn og uppbyggingu menningarhúsnæðis í sveitarfélaginu? Ætlar meirihlutinn virkilega ekki að stíga eitt skref til baka nú þegar ljóst er að forsendur verkefnisins eru brostnar og engin lausn í sjónmáli? Það hlýtur að mega fresta opnun leigumiðlunar með kökuform og aðgengi að saumavélum í Hljómahöll á meðan viðunandi vinnubrögð eru tekin upp.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins,

Helga Jóhanna Oddsdóttir
Margrét Sanders
Guðbergur Reynisson

ERU ALLIR SÁTTIR Í HLJÓMAHÖLL?

Segja samkomulagi náð í framkvæmdahópnum

Það gekk á ýmsu þegar síðasti fundur bæjarstjórnar Reykjaneshæjar fór fram í Merkinesi í Hljómahöll í síðustu viku. Þar skaut minnihluti sjálfstæðismanna föstum skotum á meirihlutann í sambandi við framkvæmdina á flutningi Bókasafns Reykjaneshæjar í Hljómahöll og þá hefur talsvert borið á þessari umræðu á samfélagsmiðlum að undanfögnu. Víkurfréttir fengu Halldóru Fríðu Þorvaldsdóttur, starfandi bæjarstjóra og fulltrúa bæjarráðs í framkvæmdahópi verkefnisins, og Sverri Bergmann Magnússon, fulltrúa Samfylkingar í bæjarstjórn, til að ræða um stöðuna á þessu verkefni en þau hafa fengið viðurnefnið Bókasafnsmeirihlutinn.

Á bæjarstjórnarfundinum tók Helga Jóhanna Oddsdóttir (D) til máls undir liðnum Hljómahöll - geymsluhúsnæði og setti fram bókun þar sem megininntakið var að framkvæmdin væri illa ígrunduð og að þau í Sjálfstæðisflokknum hafi ítrekað bent á að vinna þurfi betur að ákvörðun og undirbúningi flutning bókasafnsins í Hljómahöll.

Aðsenda grein sjálfstæðismanna í bæjarstjórn má lesa hér vinstra megin (*Hljómahöll, óbærilegur fáránleiki meirihlutans*) en hún er nánast orðrétt eins og bókun þeirra hljóðaði.

Var talinn heppilegasti kosturinn

„Upphaflega var farið í að kanna þessa möguleika og skoða hver væri besti kosturinn,“ segir Halldóra Fríða í byrjun spjallsins. „Óbreytt ástand, að bókasafnið yrði áfram hér. Það var skoðað að byggja nýtt hús, sem yrði það kostnaðarsamt að það var ekki möguleiki. Þá var farið í að rýna hvort við eigum eitthvað húsnæði sem gæti mögulega verið mjög heppilegur kostur ...“

”

Upphaflega var farið í að kanna þessa möguleika og skoða hver væri besti kosturinn. Óbreytt ástand, að bókasafnið yrði áfram hér. Það var skoðað að byggja nýtt hús, sem yrði það kostnaðarsamt að það var ekki möguleiki. Þá var farið í að rýna hvort við eigum eitthvað húsnæði sem gæti mögulega verið mjög heppilegur kostur ...

VIÐTAL

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is



að rýna hvort við eigum eitthvað húsnæði sem gæti mögulega verið mjög heppilegur kostur.“

Halldóra Fríða segir að það hafi komið ábendingar um húsnæði eins og íþróttakademíuna en sú breyting hefði orðið það dýr að sá kostur kom ekki til greina. „Það hefði slagað upp í það að byggja nýtt hús og við sjáum ekki fyrir okkur að aðalbókasafn Reykjaneshæjar, fjórða stærsta sveitarfélags landsins, sé sem útibú inni í grunnskóla. Þannig að þetta var talinn heppilegasti kosturinn eftir að hafa rýnt marga kosti – og þá tekur við þessi vinna.“

Á síðasta bæjarstjórnarfundum skaut minnihluti sjálfstæðismanna föstum skotum á flutning bókasafnsins í Hljómahöllina, á

Félagsfærni, forvarnir og jöfnuður eða „bara“ útleiga á kökuformum?

Við skorum á ykkur öll að heim-sækja bókasöfn þegar þið farið erlendis, þau eru hvert ævintýrið á fætur öðru. Sú fjölbreytta starfsemi sem haldið er úti í bókasöfnum, bæði hérlendis og erlendis, er til fyrirmyndar og flestir viðburðir gestum að kostnaðarlausu.

Hlutverk bókasafna samkvæmt 6. gr. í lögum um bókasöfn er að jafna aðgengi almennings að menningu, þekkingu, fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi. Í Bókasafni Reykjaneshæjar er unnið eftir því hlutverki af heilindum og erum við í stöðugu samtali við nærsamfélagið um okkar framtíðarsýn og gildi.

Að þessu sögðu er gott að hafa í huga hversu mikilvægir fjölbreyttir viðburðir eru fyrir samfélagið í heild til að styðja við félagsfærni, forvarnir, jöfnuð og þau gildi sem samfélagið byggir á. Reykjaneshæjar hreykir sig af því að vera fjölskylduvænn bær sem þroskar og nærir hæfileika allra í gegnum t.d. menningarstarf og að íbúar sinni fjölbreyttum störfum í vistvænu fjölmenningsarsamfélagi sem einkennist af eldmóði, framsækni og virðingu.

Nútímabókasöfn eru orðin menningarhús og framtíðarmenningarhúsin okkar allra í Reykjaneshæjar eiga að geta rúmað þá fjölmörgu gesti sem sækja safnið



Aðsend grein frá 22. janúar 2025

dag hvern, samfélagið okkar á það skilið. Það hefur lengi verið kallað eftir betri aðstöðu til samverustunda fyrir barnafjölskyldur auk annarra hópa í Reykjaneshæjar. Nú er kjörið tækifæri til að vanda til verka og gera þetta vel, samvera er ein besta forvörnin.

Okkur sárnaði ummæli minnihluta sjálfstæðismanna í garð bókasafnsins á bæjarstjórnarfundum þann 21. janúar síðastliðinn. Í vísun til opunar á safninu í Hljómahöll var sagt: „Það hlýtur að mega fresta opnun leigumiðlunar með kökuform og aðgengi að saumavélum.“ Talar fullorðið fólk svona um bókasafnið? Fullorðið fólk í bæjarstjórn? Hefur Sjálfstæðisflokkurinn ekki kynnt sér störf safnsins? Erum við bara að lána kökuform og saumavélar í vinnunni? Þarna upplifðum við

virðingarleysi í garð stofnunarinnar og okkar sem störfum þar.

Sama hvaða skoðun fólk hefur á flutningi okkar í nýtt menningarhús í Hljómahöll þá væntum við þess að borin sé virðing fyrir stofnuninni, starfsfólkinu og þeirra vinnu. Verum fyrirmyndir, virðingum okkur, berum og tölum af virðingu við hvert annað hvort sem við erum sammála eða ósammála.

Við höfum ákveðið að taka þessum breytingum með jákvæðni að leiðarljósi og treystum því að bæjaryfirvöld búi vel um okkur öll. Þar sem við þurfum að vaxa áfram í takt við íbúavöxt.

Ást og fríður,

starfsfólk Bókasafns Reykjaneshæjar.



Sverrir Bergmann Magnússon og Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir eru meðal þeirra sem skipa „Bókasafnsmeirihlutann“ svokallaða. VF/JPK

framkvæmdir og það sem hefur miður farið. Hvað viljið þið segja um þetta mál?

„Þetta er auðvitað mjög leiðinlegt og kannski sérstaklega leiðinlegt því þarna er verið að etja saman ólíkum starfstöðvum sveitarfélagsins inn í umræðuna,“ segir Halldóra Fríða. „Málið sem var til afgreiðslu var grenndarkynning á geymsluhúsnæði á lóð Hljómahallar sem var sett fram sem mikilvægt atriði í framkvæmdunum og því er hafnað eftir andmæli íbúa við nákvæmlega þeirri útfærslu sem þarna var lögð fram. Og þá hefst bara önnur atburðarás í kjölfarið. Í upphafi er það bæjarráð

sem samþykkir verkefnið og það er svo staðfest í bæjarstjórn sem afhendir svo eignaumsýslunni framkvæmdina. Þar fer boltinn aftur að snúast strax og haft er samband við arkitektana sem við erum að vinna með og þau koma með aðra lausn sem er ennþá betri og húsinu til mikils sóma.“

Margrét A. Sanders (D) tók einnig til máls undir sama lið á fundinum og var ekki sátt: „Er þetta vel undirbúið? Að mínu mati ekki og það er það sem við vorum að leggja mesta áherslu á í okkar málflutningi, auðvitað þá það eitt, við erum ekki sammála þessu. Við viljum vildum halda Hljómahöllinni. Við viljum hafa stórkostlegt Hljómahall-

arhús með tengdum músíkhlutum og tónlistarhlutum. Það var okkar framtíðarsýn og við töldum að Rokksafnið þyrfti að vinna miklu betur með það og fá meira í markaðssetningu. Það voru mikil vonbrigði að okkar frábæri tónlistarmaður, Sverrir Bergmann, sem er í meirihluta, hefur verið mikið í forsvari með að draga úr þessu og koma bókasafninu þarna inn. Af því að maður hafði einhvern veginn þá sýn að tónlistarmennirnir okkar væru þarna á bak við.“

Sverrir, Margrét hefur haldið að þarna hefði hún fundið hauk í horni en þér var ekki skemmt.

„Mér fannst nú svolítið ófaglegt að vera að draga hina vinnuna mína inn í þetta,“ segir Sverrir. „Maður situr náttúrulega þarna sem bæjarfulltrúi og á að vera ávarpaður sem slíkur – en ég er fyllilega á bak við þessa ákvörðun og mér finnst tækifærin vera mikil og mörg. Nýtingin á húsinu, staðsetningin á húsinu og þörfin í bænum fyrir það sem kemur þarna inn í húsið er mikil. Mér finnst að verið sé að öskra eftir fleiri viðburðum, meiri lifandi menningu.“

Allir forstöðumenn eru sáttir með samkomulagið sem liggur fyrir

„Síðasti fundur í framkvæmdahópnum var haldinn í gær [þ.e. fimmtudaginn 23. janúar sl.] sem lauk þannig að allir forstöðumenn



Margrét A. Sanders í ræðupólti á síðasta bæjarstjórnarfundum. Skjáskot af YouTube-rás Reykjaneshæjar

eru sáttir með samkomulagið sem liggur fyrir og fékk ég heimild til að koma því á framfæri og þar voru einnig sviðsstjórar þeirra stofnana sem munu starfa saman í Hljómahöll og þau standa á bak við þau orð sem ég kem hér með á framfæri og styðja við verkefnið,“ segir Halldóra Fríða sem situr sem fulltrúi bæjarráðs í framkvæmdahópi verkefnisins. Hún segir að á fundinum hafi verið farið yfir nýjar teikningar frá arkitektum um viðbyggingu sem er húsinu til sóma og öllum líst vel á, „...“ og ég er viss um að íbúar í nágrenninu verða líka mun ánægðari með þá tillögu en þá sem var grenndarkynnt í fyrstu.“

Halldóra Fríða segir að farið hafi verið yfir lokateikningar á þeim þáttum sem var verið að vinna í varðandi innra skipulag, sem sneri helst að tilfærslu á léttum veggjum á skrifstofugangi tónlistarskólans þar sem tvær einkaskrifstofur verði minnkaðar en þær voru mjög stórar fyrir. Afgreiðsla eða móttaka skólans verður lítillega minnkuð og þá kemur inn ný 30 fermetra vinnuástaða fyrir kennara í tónlistarskólanum og því þarf ekki að hafa það rými utan-dyra eins og fyrstu tillögur höfðu gert ráð fyrir. Lítil skrifstofa forstöðumanns bókasafns kemst þá líka þar fyrir auk vinnurýmis fyrir starfsfólk bókasafnsins.

„Forstöðumönnum leist vel á þetta skipulag og samþykktu,“ segir hún og bætir við: „Við ræddum líka annað skipulag eins og bókanir á rýmum, aðgangsmál, opnunartíma og fleira sem þarf eðlilega að gera þegar um sambúð er að ræða og sú vinna gengur líka mjög vel.“

Hljómahöll mun að sjálfsögðu halda áfram að sjá um allar bókanir í Berg og Stapa – tónlistarskólinn hefur áfram allan þann aðgang sem hann hefur haft að Bergi. Stapi og Berg halda sinni frábæru starfsemi áfram og við munum halda stóra og glæsilega viðburði og samkomur í húsinu eins og áður enda eru hús-

gögn og hillur teiknuð inn í rýmin og smíðuð út frá því að auðvelt sé að færa þau til þegar um þessa allra stærstu viðburði er að ræða.“

Þjónusta við nemendur ekki skert

Halldóra sagði jafnframt að nemendur tónlistarskólans muni áfram geta nýtt sér aðstöðu til æfinga og geta bókað rými innan skólans utan kennslutíma. „Það getur t.d. verið yfir daginn, seinni parta, kvöld og um helgar eftir stundatöflum kennslustofa og mun starfsfólk tónlistarskóla sjá um útfærslu á því en mér skilst að það verði fleiri en tvær stofur sem koma til greina í þeim efnum. En við treystum starfsfólki skólans auðvitað best til að ákveða verklag þeirra varðandi það enda hafa þau mestu yfirsýnina.“

Varðandi Rokksafnið þá er spennandi vinna þar í gangi sem framkvæmdastjóri Hljómahallar hefur rætt m.a. í Víkurfréttum og hlökkum við til að sjá nýja og uppfærða sýningu með öllum þeim tækifærum sem þar skapast til að halda áfram að segja sögu tónlistarinnar sem er okkur öllum svo mikilvæg.

Við lögðum á það áherslu að mikilvægt væri að starfsfólk allra stofnana og foreldrar í tónlistarskólanum myndu fá skýrar upplýsingar um verkefnið svo að það væri ekki upplýsingaóreiða.

Margt er sagt og skrifað á miðla þar sem mjög frjállega er farið með sannleikann og það veldur óánægju og óöryggi sem er alger óþarfi. Það er mikilvægt að við sem höfum eða getum aflað réttra upplýsinga gerum það og segjum satt og rétt frá.

Kjörnir fulltrúar eiga að segja satt en ekki skálda eitthvað upp sem hentar hverju sinni til að skapa óvissu og sundrung milli íbúa, starfsfólks og stofnana,“ sagði Halldóra Fríða að lokum.

Aðsend grein frá 28. janúar 2025

Upplýsingaóreiða meirihlutans, rökleysa og ásakanir um ósannindi

Það verður seint upp á vinstri meirihluta Samfylkingar, Framsóknar og Beinnar leiðar í Reykjaneshæjarlogið, að þar leggi fólk sig ekki fram við að þvæla sannleikanum og snúa út úr umræðunni til að breiða yfir eigið getuleysi. Staðreyndir skipta meirihlutann engu máli og hefur hann itrekað farið með umræðuna út og suður, til að þurfa ekki að bregðast við, hvað þá svara, raunverulegri gagnrýni.

Gagnrýni okkar bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins á flutning bókasafnsins í Hljómahöll hefur frá upphafi snúist um það hversu illa ígrundaður hann er. Við höfum bent á að ekki hafi verið unnið faglega að því að meta heildaráhrifin á starfsemi þeirra stofnana sem fyrir eru, bókasafnsins þar á meðal. Eins höfum við óskað eftir framtíðarsýn og stefnu í menningarmálum sveitarfélagsins og að skoðað væri heildstætt það menningarhúsnæði sem sveitarfélagið á og framtíðarþarfir. Meirihlutinn hafnar þessu alfarið enda löngu búinn að ákveða að í Hljómahöll skuli bókasafnið í gjörbreyttri mynd, starfshópar hafa ekki annað hlutverk en að láta skóinn passa, sama þó höggva þurfi tær af fætinum. Til að kóróna vinnubrögðin hefur ekki verið unnin heildstæð fjárhagsáætlun, enda ekki vitað hvert verkefnið er!

Það erum ekki við sem völdum upplýsingaóreiðu, um það sér meirihlutinn alveg sjálfur með því að vera stöðugt að leita leiða til að troða þessum stofnunum saman. Það gerir hann þrátt fyrir itrekaðar hindranir, með tilheyrandi breytingum sem dregnar eru fram á síðustu stundu og starfsfólk og bæjarbúar eru ekki upplýstir um. Þetta kallar meirihlutinn réttlæga upplýsingaóreiðu en reynir að kenna bæjarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins um. Munurinn á meirihlutanum og okkur bæjar-

fulltrúum Sjálfstæðisflokksins er sá að við höfum rætt við fjölmargt starfsfólk Hljómahallar og Tónlistarskólans, augliti til auglitis. Ekki í gegn um verkefnastjórn eða skýrslur sem skrifaðar eru og niðurstöður túlkaðar eftir hentugleika, til dæmis nú, þegar lykilorð sendur í skýrslu verkefnisstjórnar hafa allt í einu litið sem ekkert vægi.

Staðreyndirnar sem við höfum bent á í gagnrýni okkar eru fjölmargar og meðal annars eftirfarandi:

1. Farið var af stað í verkefnið að finna bókasafninu nýjan samastað án þess að skoða og greina aðra kosti en Hljómahöll. Hvað þá að fara í þarfagreiningu á og framtíðarsýn menningarhúsnæðis sveitarfélagsins. Bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins var fulltrúi í undirbúningsnefnd sem lögð var niður þar sem fulltrúar meirihlutans neituðu að fallast á að faglegri vinnubrögða væri þörf áður en ákvörðun sem þessi væri tekin.
2. Ráðinn var verkefnastjóri fyrir á annan tug milljóna til að fá faglegt mat á því hvernig bókasafninu og viðbótarhlutverkum þess væri best fyrir komið í Hljómahöll. Í skýrslu verkefnastjórnar kom fram að húsnæðið væri of lítið til að rýma þessar þrjár stofnanir, og að forsenda til að verkefnið gengi upp væri

viðbygging fyrir geymslur og starfsaðstöðu tónlistarskólans. Það mál hefur ekki verið leyst þrátt fyrir paníkástund og áherslu á að koma nýrri tillögu í gegn um grenndarkynningu með hraði eftir að upphaflegu tillögnum var hafnað.

3. Meirihlutinn er ekki enn búinn að ákveða hvað þau eru að gera og hvaða sýn þau hafa til framtíðar. Þannig hafa þau ýmist talað um Hljómahöll sem bókasafn, samfélagsmiðstöð, menningarhús og jafnvel samgöngumiðstöð. Framtíðarsýn þeirra þriggja stofnana sem verið er að flytja saman er ekki tekin með í reikninginn, aðeins bókasafnsins, sem verið er að þróa í eitthvað allt annað en hið lögbundna hlutverk að lána út bækur og veita aðgang að upplýsingum. Er það furða að við teljum óábyrgt að hefjast handa við að breyta tónlistarhúsinu okkar án þess að því fylgi heil hugsun?

4. Nú hefur meirihlutinn í rökþroti sínu síðustu daga brugðist við gagnrýni okkar á verklagið með enn einni útgáfunni: Markmiðið er að Hljómahöll eigi að vera fyrir alla bæjarbúa, ekki bara þá sem eiga peninga (það eru nefnilega bara auðjöftrar sem eiga börn í tónlistarskólanum og borga sig inn á tónleika og aðra viðburði, sveitattan)! Meirihlutinn gleymir



því alveg að þeim hefur verið í lófa lagið að opna Hljómahöll fyrir bæjarbúum sl. tæpu ellefu ár sem þau hafa verið við völd og jafnvel verja þeim fjármunum sem fara í svona illa unnin verkefni í að niðurgreiða enn frekar skólalagjöld tónlistarskólans, nú eða bjóða á ókeypis tónleika. Það þarf ekki að flytja bókasafnið til þess.

Að lokum bendum við á með ólíkindum ómerkileg orð starfandi bæjarstjóra og oddvita Framsóknarflokksins, Halldóru Fríðu, þar sem hún sakar okkur um ósannindi og segir orðrétt í viðtali við Víkurfréttir: „Kjörnir fulltrúar eiga að segja satt en ekki skálda eitthvað upp sem hentar hverju sinni til að skapa óvissu og sundrung milli íbúa, starfsfólks og stofnana.“

Við spyrjum okkur í ljósi þessara orða bæjarstjóra;

Er það skáldskapur að leggja áherslu á að vanda skuli til verka og að gagnrýna verklag þegar framkvæmdir eru hafnar, áður en fullnægjandi hönnun er lokið og samþykktir fengnar?

Er það skáldskapur að gámum, sem ætlaðir voru í geymslur og aðstöðu starfsfólks, var hafnað í grenndarkynningu og í framhaldinu af umhverfis- og skipulagsráði?

Er það skáldskapur að benda á að það var ekkert plan B varðandi

viðbótarástöðu? Að minnsta kosti hafði meirihlutinn ekki kynnt það neins staðar, en núna koma þau fram með teikningar sem ekki hafa verið lagðar fram með formlegum hætti. Nýjasta útgáfan er; byggja á við Hljómahöll til að redda geymsluplássinu! Sú hugmynd er á byrjunarstigi en kynnt sem fullkomin lausn. Það gleymist að lögformlegt ferli er eftir, teikningar munu verða kynntar á fundi Umhverfis og skipulagssviðs í vikunni. Þá á bæjarstjórn eftir að samþykkja og einnig á eftir að leggja fram kostnaðarmat til samþykktar fyrir bæjarráð og til staðfestingar í bæjarstjórn.

Meirihlutanum finnst þetta hin ásættanlegustu vinnubrögð. Vinnubrögð sem ekki þola gagnrýni, enda svara þau henni ekki öðruvísi en með útúrslunum og ásökunum um ósannindi. Hvar liggur skáldskapurinn?

Það mætti segja að nú sé komið nóg, þessum málflutningi sé ekki hægt að svara lengur, enda lítur ný útgáfa dagsins ljós í hvert sinn sem bent er á hvað betur má fara.

Er það ásættanlegt fyrir bæjarbúa?

*Helga Jóhanna Oddsdóttir
Margrét Sanders
Guðbergur Reynisson*



Elvar Már ekki á neinum Evrópuafslætti í einni sterkustu körfuboltadeild Evrópu

Er orðinn sleipur í eldhúsinu

„Reglan varðandi útlendinga í grísku deildinni er þannig að sex uppaldir Grikkir þurfa að vera á leikskýrslu, aðrir leikmenn geta þess vegna allir verið frá Bandaríkjunum,“ segir körfuknattleiksmaðurinn Elvar Már Friðriksson en hann er á sínu öðru tímabili í grísku úrvalsdeildinni í körfuknattleik. Elvar er búinn að vera rúm tíu ár í atvinnumennsku víðsvegar í Evrópu og ætlar sér að hamra járníð á meðan það er heitt. Hann telur sig ennþá vera að bæta sig þó svo að hann verði 31 árs á þessu ári. Hann er lykilmáður í íslenska landsliðinu sem hefur verið að standa sig vel að undanförunu og hann fylgist vel með gangi mála í íslensku deildinni en áhugamál kappans eru m.a. í eldhúsinu.

Elvar kann vel við sig í Grikklandi, hitastigið þægilegt yfir veturinn og hann er orðinn mikill aðdáandi grískrar matarmenningar.

„Það er venjulega á bilinu fimmtán til sautján stiga hiti yfir veturinn og sól, mjög þægilegt og ég get ekki sagt að ég sakni íslenska vetrarins eitthvað sérstaklega. Þegar ég kem heim í landsliðsverkefni og dvel í u.þ.b. viku finnst mér ósköp notalegt að fara aftur út í hlýrra loftslag. Ég er virkilega farinn að kunna að meta gríska matargerð og reyni að prófa sem mest en einn af styrktaraðilum klúbbsins er með veitingastað og þangað getum við leikmennirnir farið reglulega og borðað. Ég hef mikinn áhuga á eldamennsku og finnst gaman að elda góðan mat, á pottþétt eftir að kynna mér betur hvernig grískur matur er eldaður en þetta er kannski einn helsti kosturinn við búa á mismunandi stöðum í heiminum, maður kynnist alls kyns matarmenningu.“

Elvar bý í höfuðborginni Aþenu sem er í Suður-Grikklandi og spilar með liði sem heitir Maroussi.

„Í fyrra var ég í Þessalóníku sem er í Norður-Grikklandi og lék með PAOK svo ég hef prófað báða staði. Aþena er miklu stærri borg en ég kann mjög vel við mig hér. Konan mín og fimm ára gamall sonur koma reglulega til mín en hann byrjar í skóla næsta vetur svo við þurfum að hugleiða hvar við viljum vera á næsta tímabili. Ég er með samning út þetta tímabil og svo kemur bara



”
Við þurfum lögregluþyglid tveggja sérsveitarbíla á leiðinni í keppnishöllina, einn fyrir framan og einn fyrir aftan. Vopnaðir lögreglumenn voru svo með skildi yfir okkur þegar við gengum inn í höllina ...

í ljós hvað tekur við en það er aðeins meiri hausverkur að ákveða það eftir að við þurfum að spá í hvar best verður fyrir drenginn að fara í skóla.“

Sex Grikkir og sex útlendingar

Elvar verður í öðru viðtali hjá Víkurfréttum á næstunni þar sem umfjöllunarefnið verður fjöldi útlendinga í íslensku deildinni í körfuknattleik. Í Grikklandi er skylda fyrir öll lið að vera með sex uppaldra Grikki í hóp sínum en hinir sex mega þess vegna allir vera frá Bandaríkjunum, Evrópumenn eru ekki á neinum sérkjörum. Elvari finnst skrytið að íslenska deildin sé ekki með nein höft en það að hann sé á meðal útlendinga liðsins þegar mikill fjöldi Bandaríkjamanna er í atvinnumennsku, segir allt sem segja þarf um gæði Elvars.

„Jú, það má kannski segja að þetta sé ákveðin rós í hnappagatið, ef maður vill klappa sér á bakið. Það er auðvelt að bera saman tvo prófíla, annan frá Íslandi, hinn frá Bandaríkjunum en þar er auðvitað miklu ríkari körfuboltahefð. Ég hef bara stöðugt náð að bæta mig frá því að ég hóf atvinnumannaférlinn og kannski taka félög eftir því. Ég hef náð að standa undir þeim væntingum sem til mín eru gerðar og svo er ég auðvitað kominn með talsverða reynslu og það telur líka. Ég er með góðan leikskilning og hef í raun alltaf verið að bæta mig og tel mig ennþá geta bætt mig sem leikmann. Það er kannski lykilatriði, að vera aldrei sáttur heldur reyna stöðugt að bæta sig, þannig tekst mér alla vega að halda báðum fótum á jörðinni. Ég passa mig á að fara aldrei of hátt upp og sömuleiðis verður að passa upp á að



fara ekki langt niður heldur. Ég legg mikla rækt við hugarþjálfun og það er í raun jafn stór, ef ekki stærri hluti af leiknum,“ segir Elvar Már.

Slepptu leikhléum vegna láta

Gríska deildin er talin á meðal sterkustu deilda Evrópu og t.a.m. var Panathinaikos sigurvegari í Euroleuge á síðasta tímabili, sem er sterkasta Evrópukeppni félagsliða. Panathinaikos er í sömu borg og lið Elvars en oft eru um tuttugu þúsund manns á leikjum liðsins. Elvar upplifði stemningu á síðasta tímabili sem hann er ekki viss um að fá að upplifa aftur.

„Olympiakos og Panathinaikos eru á meðal risanna í evrópskum körfuknattleik en þar fyrir utan eru sjö önnur lið sem eru að keppa í Evrópukeppnum. Því miður hefur mætingin á heimaleiki okkar í vetur verið döpur en á síðasta tímabili þegar ég lék með PAOK, þá fékk ég að upplifa nokkra ótrúlega leiki. PAOK hefur venjulega verið með sterkt lið og þegar við mætum t.d. ARIS sem er líka frá Þessalóníku, þurfum við lögregluþyglid tveggja sérsveitarbíla á leiðinni í keppnishöllina, einn fyrir framan og einn fyrir aftan. Vopnaðir lögreglumenn voru svo með skildi yfir okkur þegar við gengum inn í höllina. Það er til Youtube-myndband af þessum leik sem var sögufrægur, lætin voru ótrúleg, klósettappírurullum dritað inn á völinn og í leikhléum gátum við sleppt því að reyna heyra hvað þjálfarinn var að segja, þotulúðrarnir voru nánast ofan í okkur svo við slepptum bara að reyna tala saman.

Það eru auðvitað forréttindi að fá að leika á svo stóru sviði og þar sem ég tel mig ennþá

vera bæta mig mun ég halda ótrauður áfram. Íslenska landsliðið hefur verið á góðu skriði og við stefnum á næsta Eurobasket. Hversu lengi ég get teygð á atvinnumennskunni kemur bara í ljós, ég hef hingað til verið heppinn með meidsli en maður veit aldrei hvað morgundagurinn ber í skauti sér. Eignum við ekki að segja að draumurinn sé svo að enda ferillinn í grænu Njarðvíkurtreyjunni, nýja húsið er glæsilegt og verður gaman að fá að prófa það næsta sumar, og vonandi oftari í framtíðinni,“ sagði Elvar Már að lokum.



Sjónvarpsviðtal við Elvar mun birtast á vef Víkurfrétta, vf.is, á næstunni.

Sundið endurvakið í Vogum

Sunddeild Þróttar í Vogum hóf starfsemi sína að nýju fyrir tveimur árum en það er rík hefð fyrir sundi í félaginu. Víkurfréttir heyrðu í sundþjálfaranum Thelmu Rún Rúnarsdóttur um uppbyggingu deildarinnar.

„Við erum að byggja starfið upp að nýju en sunddeildin var mjög öflug fyrir fimmtán, sextán árum síðan. Einnhverra hluta vegna dalaði áhuginn og sundgreinin lagðist af um tíma,“ segir Thelma sem hefur verið í forystu við uppbyggingu deildarinnar en hún keppti sjálf í sundi með Þrótti þegar deildin var einna öflugust.

„Þetta er búið að vera heilmikil vinna við að endurvekja deildina en það er að skila sér, iðkendum fjölgar stöðugt. Núna eru krakkarnir sem æfa hjá okkur í fyrsta til fimmta bekk og við höfum líka tekið við krökkum úr sunddeild Grindavíkur sem búa núna í Vogum. Þá höfum við lagt áherslu á að ná til barna af erlendum uppruna og það hefur gengið vel,“ segir hún en krakkarnir hafa verið að taka þátt í mótum að undanfögnu og gengið nokkuð vel.

„Við tókum þátt í Speedómótinu hjá ÍRB í fyrra auk þess sem við höldum tvö innanfélagsmót, bæði jóla- og páskamót,“ sagði Thelma að lokum en upplýsingar um starf sunddeildarinnar er að finna á vefsíðu Þróttar Vogum, throttur.vogum.is/sund.



Flottir sundkrakkar í sunddeild Þróttar.



1X2 „DRUMAD Á PRETTÁN“

Mættur til að verka upp eftir meðeiganda sinn

Jóni Ragnari Magnússyni tókst að forðast „17“-bölvunina en oftar en ekki hefur sigurvegari í tipleik Víkurfrétta fatast flugið og tapað í næsta leik og endað með sautján rétta í deildarkeppninni. Jón Ragnar hafði engan áhuga á að bæstast í þann vafasama félagsskap og vann nafna sinn, Jón Örvar Arason, 10-9. Frábær frammistaða hjá gamla markmanninum en dugði ekki að þessu sinni. Næsti áskorandi heitir Brynjar Hólm Sigurðsson, er málari og rekur SB málun ásamt félagi sínum, Sverri Þór Sverrissyni. Þessi Sverri fékk að spreya sig í tipleiknum í fyrra en varð ekki kápan úr því klæðinu og steinlá gegn Grindvíkingnum Gunnari Má Gunnarssyni.

Brynjar hefur ekki áhyggjur af því að feta í fótspor meðeiganda síns og telur sig í raun vera mættan í leikinn til að verka upp eftir Sverri Þór.

„Ég trúði varla eigin augum í fyrra þegar Sverri Þór steinlá í leik sínum, ég bauð honum aðstoð mína við að fylla út seðilinn en hann hélt nú ekki, sagði geta rúllað Gunnari Má upp einn og óstuddur. Hann átti að muna að ég er fyrrum sigurvegari í tipleik Víkurfrétta, ég fór á úrslitaleikinn á Wembley '94 þegar Manchester United rúllaði Chelsea upp 4-0. Því miður voru mínir menn í Liverpool ekki í úrslitum þá en ég hef fulla trú á að þeir nái alla leið í ár og mikið ofboðslega yrði

gaman að sjá mína menn rúlla erkióvininum í Manchester United upp í úrslitaleiknum. Ég er mikill stuðningsmaður Liverpool, hef verið ársmiðahafi undanfarin ár og er búinn að panta hótél þegar lokaleikurinn í deildinni fer fram. Það yrði draumur að vera á Anfield Road þegar dollunni verður lyft upp. Það myndi ekki taka því að fara heim fyrst ég væri að mæta á Wembley helgina eftir en ég mun finna mér eitthvað skemmtilegt að gera í Bítlaborginni á meðan.“

Hestamennska

Brynjar hefur alltaf verið forfallinn íþróttafíkill en æfði þó ekki hinar hefðbundnu boltagreinar heldur stundaði hestamennsku.

„Ég veit ekki hvað olli því en ég hafði bara engan áhuga á að æfa fótbolta eða körfu. Foreldrar mínir voru á kafi í hestamennsku og ég var á kafi í henni þar til fyrir tíu árum. Ég vildi fara gera aðra hluti. Ég hef samt alltaf haft mikinn áhuga á liðum Keflavíkur í fótbolta og körfu, körfubolti hefur verið stór hluti af fjölskyldulífinu þar sem eiginkona mín er Anna María Sveinsdóttir, fyrrum leikmaður Keflavíkur og íslenska landsliðsins. Ég hlakka til að mæta í þennan tipleik Víkurfrétta og ætla mér ekkert annað en sigur í þessum leik gegn Jóni Ragnari og eftir það ætla ég mér að tryggja mig í fjögurra manna úrslitin. Tökum samt bara einn leik í einu,“ segir Brynjar.

Engin „17“-bölvun

„Ég er auðvitað hæstánægður með að vinna og geta haldið áfram en mesta ánægjan er kannski að hafa forðast hina frægu „17“-bölvun. Ég var mjög stressaður fyrir þessari helgi og um tíma leit út fyrir að ég myndi fá átta rétta sem hefði bara þýtt eitt, að ég væri hluti af þessum vafasama félagsskap. En tippguðirnir voru með mér, leikir snérist í lokin og ég endaði með tíu rétta sem ég er auðvitað hæstánægður með. Nú er bara að láta kné fylgja kvíði,“ sagði Jón Ragnar.



Seðill helgarinnar	Jón R	Brynjar
Wolves - Aston Villa	2	2
Bournemouth - Liverpool	2	2
Everton - Leicester	1X	1X
Newcastle - Fulham	1	1
Ipswich - Southampton	1	1X2
Derby - Sheff.Utd.	X2	2
Hull - Stoke	1	X
Millwall - Q.P.R.	1	12
Leeds - Cardiff	1	1
Portsmouth - Burnley	2	2
Sheff.Wed. - Luton	1	1
Swansea - Coventry	1X2	1X2
Leyton Orient - Stockport	1X2	1X



Ungur Keflvíkingur með boltann á KFC-mótinu í Nettóhöllinni fyrir um ári síðan. VF/IPK

Keflvíkingar hljóta styrk úr sérstökum flóttamanna- og hælisleitendasjóði UEFA

Keflvíkingar hafa hlotið styrk úr sérstökum flóttamanna- og hælisleitendasjóði UEFA, evrópska knattspyrnusambandinu, að upphæð 25 þúsund evrur. Styrkurinn kemur til vegna knattspyrnutengdra verkefna sem tengjast flóttafólki og hælisleitendum. 29 félagslið um alla Evrópu sóttu um styrkinn.

Keflvíkingar hljóta styrkinn fyrir að hafa boðið börnum hælisleitenda og flóttamanna að æfa tvisvar til þrisvar í viku endurgjaldslaus. Markmið verkefnisins er að styðja við samfélagslega aðlögun flóttamanna og hælisleitenda, enda er mikill fjöldi hælisleitenda og flóttamanna í Keflavík og hefur oft á tíðum reynst erfitt að fá börn af erlendum uppruna til að taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi.

„Íþróttir, þar með talinn fótbolti, eru kjörinn vettvangur til að tengja fólk með ólíka bakgrunna við hvert annað, íþróttina sjálfa og aðra iðkendur. Afraksturinn er sterkara íþróttastarf, betri líkamleg og andleg liðan þátttakenda og betri aðlögun hælisleitenda og flóttamanna í þeirra nánasta umhverfi,“ segir meðal annars í tilkynningu frá KSÍ.

Keflavík mun halda þessu starfi áfram og efla það enn frekar eftir

staðfestingu á styrknum frá UEFA, sem nemur rúmlega 3,5 milljónum króna.

„Líkt og kemur fram í opinberri stefnu KSÍ um samfélagsleg verkefni 2023–2026, þá telur knattspyrnuhreyfingin um 10% íslensku þjóðarinnar. Knattspyrnusamband Íslands lítur því á það sem skyldu sína að nýta þann kraft sem býr í knattspyrnufjölskyldunni til að vera virkur þátttakandi í samfélagslegum verkefnum sem gera raunverulegt og áþreifanlegt gagn. Verkefni sem þessi skipta svo sannarlega sköpum fyrir samfélagið, og erum við afar stolt af því að geta tekið þátt í verkefnum af þessu tagi,“ eins og fram kemur á heimasíðu Knattspyrnusambands Íslands.

„Við hjá Keflavík erum vitaskuld mjög ánægð með að hljóta þennan styrk en hann sýnir okkur að við erum á réttri leið varðandi þetta mikilvæga málefni. Við ákváðum strax að taka vel á móti börnum á flóttu og vildum gera það sem við gátum til að þeim myndi líða sem best á æfingum hjá okkur,“ segir Ragnar Aron Ragnarsson, framkvæmdastjóri knattspyrnueldar Keflavíkur.

Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Störf í leik- og grunnskólum

Háaleitisskóli - Deildarstjóri stoðþjónusta

Akurskóli - Kennari, sérkennari eða sérfræðingur

Akurskóli - Umsjónarkennari í 7. bekk

Heilsuleikskólinn Heiðarsel - Leikskólakennarar/starfsfólk

Myllubakkaskóli - Fagaðili

Önnur störf

Umhverfis- og framkvæmdasvið - Verkefnastjóri skipulagsmála

Velferðarsvið - Búsetuþjónusta fatlaðs fólks

Velferðarsvið - Félagráðgjafi í virkni- og ráðgjafarteymi

Velferðarsvið - Starfsfólk á heimili langveikrar stúlku

Velferðarsvið - Þjónustukjarni Suðurgötu

Velferðarsvið - Starfsmaður í vettvangsstarf hjá Virkni- og ráðgjafarteymi

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn.



Íbúar keyptu sér íbúðir með það í huga að grænt svæði yrði til staðar

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar hefur samþykkt að senda til Skipulagsstofnunar til endanlegrar afgreiðslu aðalskipulagsbreytingu fyrir Dalshverfi í Innri Njarðvík. Um er að ræða svæði umhverfis Stapaskóla. Samkvæmt breytingunni er íbúðum í sérbyli fjölgað um 30 og heildarfjöldi hverfisins leiðréttur. Tillaga á breytingu deiliskipulags fyrir Dalshverfi 1. og 2. áfanga er kynnt samtímis.

Deiliskipulag er í auglýsingu fyrir svæðið þar sem tekið hefur verið tillit til hluta þeirra athugasemda sem fram hafa komið, auk þess

sem verslunar- og þjónustusvæði eru skipulögð með það að markmiði að fjölbreyttari þjónusta verði í boði fyrir íbúa hverfisins. Athugasemdafrestur fyrir deiliskipulagið er til 9. mars og umhverfis- og skipulagsráð mun halda íbúafund um deiliskipulagið í febrúarmánuði.

Gunnar Felix Rúnarsson, bæjarfulltrúi Umbótar, sat hjá við afgreiðslu ráðsins og lagði fram eftirfarandi bókun:

„Umbót hefur þegar lýst yfir andstöðu við þéttingu byggðar í bókun frá 17. desember 2024 á bæjarstjórnarfundum, þar sem við teljum

mikilvægt að hafa virkt samráð við íbúa þegar kemur að breytingum á aðalskipulagi. Samtal íbúa og bæjaryfirvalda þarf að vera gefandi og virkt, þar sem gott skipulag íbúðabygðar hefur áhrif á andlega og líkamlega lýðheilsu bæjarbúa. Ekki má gleyma því að þessir íbúar keyptu sér íbúðir með það í huga að grænt svæði yrði til staðar og byggðin þéttist ekki um of. Mikilvægt er að breytingar á skipulagi séu unnar í samráði við íbúana og íbúakosning verði haldin til að tryggja að hagsmunir þeirra séu hafðir að leiðarljósi.“



Mundi

Verður ekki örugglega pláss fyrir tónlistarskólann á nýja ljósa-skiltinu við Hljómahöll?



Kjartan Már aftur til starfa

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri, mun hefja störf að nýju þ. 1. febrúar eftir tæplega fimm mánaða veikindaleyfi. Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir lætur af störfum á sama tíma sem starfandi bæjarstjóri.

Eins og fram hefur komið greindist Kjartan Már með krabbamein í blöðruhálskirtli í júlí sl. Hann hóf lyfjameðferð strax en í nóvember hófst geislameðferð sem lauk um miðjan desember og hann svaraði vel. Síðan þá hefur Kjartan Már verið að safna kröftum og gengið vel.

„Ég hlakka til að byrja aftur í þessu skemmtilega en krefjandi starfi. Það er margt spennandi á döfinni en líka margar áskoranir,“ segir Kjartan Már.

Af hverju er ekkert „unlike“ á fésbókinni?

Fésbókin hefur hingað til hentað mér ágætlega. Hún gefur manni tækifæri á að fylgjast með allskonar hjá fésbókarvinunum og líka tækifæri á að tjá sig um það sem helst er á baugi hverju sinni. Okkur eru gefnir möguleikar á að „læka“ eða gefa innhaldi þess sem við lesum allskonar einkunnir, hjörta, umhyggju og jafnvel reiði ef því er að skipta eða okkur líkar hreint ekki hvað vinir okkar skrifa. Málið dautt og allir sáttir, eða það hélt ég þar til nýlega.

„Pabbi viltu hætta að senda öllum þennan putta,“ sagði sonur minn nýlega þegar við vorum að ræða eitthvað sem sem sagt hafði verið á netinu. Þetta er svo miðaldra og getur þýtt allt annað en

þú heldur. Ég hafði verið að læka og hélt að ég væri að hrósa.

Flest okkar sem notum farsíma eða tölvur könnumst við þessi litlu tákn sem kölluð eru emoji [tjákn] og komu fyrst til sögunnar í kringum 1990 í japönskum snjallsímum. Í fyrstu voru þetta tiltölulega fá tákn með skýra merkingu en hefur fjölgað á undanförunum árum og verða í kringum 3.000 árið 2025 ef svo fer fram sem horfir.

Það versta við þetta fyrir þau okkar sem miðaldra og eldri erum að tjáknin eru byrjuð að skipta merkingu. Við getum ekki lengur verið viss um að þau þýði það sem við höldum.

Ég er búin að vera svolítið hugsi yfir þessum breytta veruleika. Reynt að hugsa mig vel um hvað tákn ég set við allskonar færslur á netinu, og í daglega lífinu. Þetta er sennilega partur af því að verða miðaldra eða eldri eins og ég er og ná ekki að fylgja allri þeirri tækni og gervigreind sem stöðugt ryður sér meira rúm í einföldum veruleika okkar.

Ég á þeim stað í lífinu gagnvart tækninni að ég er ennþá að rifast við saklausa sjálfsafgreiðslukassa í verslunum og ég er líka að rifast við sjálfvirka símsvara sem alltaf eru að segja mér það sama, að ég sé númer 99 í röðinni og spila svo einhverja hallærislyftumúsík á eftir í þeirri von að ég róist þar til

LOKAORD



HANNESAR FRÍÐRIKSSONAR

þeir koma aftur og tilkynnað mér að ég sé nú númer 98 í röðinni.

Eitt er það þó sem ég skil ekki í sambandi við fébókina og þau tjákn sem þar er boðið upp á. Af hverju er ekkert „unlike“ þar svo maður geti bara sagt það sem maður er að meina?

76 ára og eldri fá rukkun um fasteignagjöldin í pósti

Ef þú ert 76 ára eða eldri þá færðu greiðsluseðla vegna fasteignagjalda í Reykjanesbæ sendan í pósti. Þau sem yngri eru fá kröfur stofnaðar í netbanka. Álagningu fasteignagjalda 2025 er lokið og álagningarseðlar hafa verið sendir til birtingar á loki.is.

Nánar má kynna sér gjalddaga á vef Reykjanesbæjar en þar er sérstök athygli vakin á því að geymslubíl á iðnaðarlóðum bera sama skatt og atvinnuhúsnæði.



Setja upp ljósaskilti við Hljómahöll

Óskað hefur verið heimildar fyrir LED-skilti á horn Hjallavegar og Njarðarbrautar á lóð Hljómahallar í Reykjanesbæ í stað skiltis með prentuðum auglýsingum og lýsingu.

Hugsunin sú að kaupa LED-skilti sem eru sem næst þeim hlut-

föllum sem eru á núverandi skilti sem er þrjár metrar að breidd og tveir metrar á hæð. Skiltið vísar í suðurátt að Ytri-Njarðvíkurkirkju. Erindið var grenndarkynnt. Engin andmæli bárust og hefur Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar samþykkt erindið.

Silkimött íslensk innimálning fyrir stofur, herbergi, skrifstofur og fleira.



1096 0025



Björt er silkimött akrýlmálning sem gefur jafna og fallega áferð. Auðveld í notkun með góða viðloðun og þekur vel.

SLIPPFÉLAGIÐ
Hafnargötu 54
Reykjanesbæ
S: 421 2720

Opíð:
8-18 virka daga
10-14 laugardaga
slippfelagid.is

